



Kennaradeild
Leikskólabraut
Vor 2008

Stöðvavinna í leikskóla, rými í rýminu

Umhverfi með hundrað mál

Guðbjörg Sóley Þorgeirsdóttir

Valborg Jónsdóttir

Lokaverkefni í Kennaradeild



Kennaradeild

Leikskólabraut

Vor 2008

Stöðvavinna í leikskóla, rými í rýminu

Umhverfi með hundrað mál

Leiðsögukenari: Sigríður Síta Pétursdóttir

Guðbjörg Sóley Þorgeirsdóttir

Valborg Jónsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild



Yfirlýsingar

a) Við lýsum því hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Guðbjörg Sóley Þorgeirsdóttir

Valborg Jónsdóttir

b) Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild

Sigríður Síta Pétursdóttir

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til bakkalárgráðu við kennaradeild Háskólans á Akureyri, vormisseri 2008. Tilgangur og markmið þessarar ritgerðar er að svara spurningunum: „Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“

Til að lesendur átti sig á því hvað starf í anda Reggio Emilia felur í sér, byrjum við á því að fjalla um leikskólastarf í smábænum Villa Cella rétt utan við borgina Reggio Emilia á norður Ítalíu. Megináhersla í starfsaðferðum þeirra (R.E.), eru m.a. að hafa þarfir barna í fyrirrúmi, áhersla er lögð á skapandi starf, horft á vinnu barna með það í huga að finna leiðir til að þróa hana áfram, hlustað á börn og skoðanir þeirra virtar.

Við leitumst við að skilgreina hvað býr að baki hugtakinu *stöðvavinna* í leikskóla, og hvaða þætti þarf að hafa í huga í slíkri vinnu. Við fjöllum um þá þætti sem við teljum að skipti máli og þarf að huga að við framkvæmd stöðvavinnu. Þessir þættir eru m.a. námsleiðir, uppeldisfræðileg skráning, námskrá og umhverfi. Einnig fjöllum við um lýðræði sem talið er vera einn af þeim þáttum sem einkenna starfsaðferðir Reggio Emilia.

Gagnasöfnun fór fram með umræðum í tveimur rýnihópum og einstaklingsviðtal. Stuðst var við spurningar sem við töldum getað varpað ljósi á hugtakið *stöðvavinna í leikskóla* og þar með veitt svör við rannsóknaspurningunum okkar.

Megin niðurstöður rannsóknarinnar eru að þátttakendur telja stöðvavinnu vera starfsaðferð sem veitir möguleika á að nálgast áhugasvið barna, í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar. Þátttakendur telja mikilvægt að huga vel að umhverfi leikskólana, að það sé fallett, vel skipulagt og að rýmið í rýminu sé skýrt og gefi rétt skilaboð um hvað þar er boðið upp á. Sveigjanleiki leikskólakennarans skiptir máli og að hann sé tilbúinn til að grípa hugmyndir barna á lofti og vekja og viðhalda áhuga barnanna á verkefnunum.

Abstract

This essay is a thesis as a part of a B.Ed. – Degree at the Department of Education in the University of Akureyri, spring semester 2008. The intention and goal of it is to answer two questions: “What is workshops in playschool?” and “what do we need to have in mind when we work in workshops according to Reggio Emilia methods?”

In order to readers to gain perspective of Reggio Emilia philosophy we will start to discuss how the method developed in playschools in the small village Villa Cella near the city Reggio Emilia in north Italy. The main emphasis in Reggio Emilia methods is to put the needs of children at the forefront, they make a point on creative work, they look at children’s work with it in mind to find ways to develop it (creative work) and they listen to children and respect their aspects.

We attempt to define what is behind the concept *workshop* in playschool, and which parts we need to have in mind to do that sort of work. We adress what parts we think are necessary and what things we think are necessary to have in mind when you practice workshop. Those parts are among other things studyconduct, pedagogical documentation, curricula and the environment. We also discuss democracy, which is one of the parts that characterize Reggio Emilia philosophy.

Data was collected in discussion with two focus groups and in one individual interview. While interviewing we uphold questions that we thought could bring light to the concept *workshop* in playschool and with that it give us some answer to our research questions.

The key findings in the research is that the participants think that *workshop* is a method that gives possibilities to approach children’s interests, through pedagogical documentation. The participants thinks that it is important to have the environment in playschools beautiful, well organized and that the space in the space is clear and gives the right message about what to do in it. Flexibility of the playschool teacher is important and that he is prepared to catch the children’s ideas and provoke and preserve children’s interests on tasks at hand.

Börn hafa hundrað mál

Barnið er samsett af hundrað.

Barnið hefur hundrað mál

hundrað hendur, hundrað hugsanir

hundrað leiðir til að hugsa leika og tala.

Hundrað, ávallt hundrað leiðir til að hlusta

til að undrast, til að elska

hundrað hamingju til að syngja og skilja

hundrað heima til að uppgötva

hundrað heima til að kanna

hundrað heima til að dreyma.

Barnið hefur hundrað mál

En frá þeim eru stolin níutíu og níu.

Skólinn, menningin, skilja höfuð frá líkama,

Þau segja barninu:

Að hugsa án handa,

að framkvæma án höfuðs,

að hlusta án þess að tjá sig,

að skilja án hamingju.

Höfundur: Loris Malaguzzi

Þýðing: Hildur Arnar

The Hundred Languages of Children. 1998. 2. útgáfa. (Ritstj. C. Edwards, L. Gandini og G. Forman) London, Abrex

Við viljum þakka öllum þeim sem hafa stutt við bakið á okkur við gerð þessa verkefnis. Fyrst viljum við þakka leiðsögukennara okkar Sigríði Sítu Pétursdóttur fyrir faglegar leiðbeiningar, sveigjanleika og stuðning. Leikskólakennurum í leikskólunum Marbakka í Kópavogi og Stekkjarás í Hafnarfirði ásamt Önnu Lindu Nesheim leikskólakennara í Stokkhólmi viljum við þakka fyrir að veita okkur upplýsingar og tækifæri til að rannsaka stöðvavinnu í leikskólum.

Að lokum viljum við þakka bekkjarsystur okkar, samstarfsfólki og öllum þeim kennurum sem hafa kennt okkur í gegnum árin. Fjölskyldum okkar viljum við þakka fyrir hvatningu, stuðning og mikla þolinmæði gegnum námið síðastliðin fjögur ár. Án allra þessara aðila hefði verkefnið ekki orðið að veruleika og því fá allir koss og knús frá okkur.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
1.1	KVEIKJAN	3
1.2	UPPBYGGING RITGERÐARINNAR.....	4
2	UPPHAFIÐ	5
2.1	STARFAÐ Í ANDA REGGIO EMILIA.	6
3	FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	8
3.1	NÁMSLEIÐIR	8
3.2	SKRÁNING	11
3.2.1	<i>Að vinna úr skráningum</i>	12
3.3	FLJÓTANDI NÁMSKRÁ.....	16
3.3.1	<i>Að örgra og hvetja</i>	17
3.3.2	<i>Börn hafa hundrað mál</i>	18
3.4	UMHVERFI MEÐ HUNDRAÐ MÁL.....	19
3.4.1	<i>Viðhorf og afstaða leikskólakennarans skiptir máli</i>	20
3.4.2	<i>Ögrandi og hvetjandi umhverfi</i>	21
3.4.3	<i>Hlutverk húsgagna og efniviðs</i>	22
3.4.4	<i>Rými í rýminu</i>	23
3.4.5	<i>Útiumhverfi</i>	24
3.4.6	<i>Skynjun</i>	25
4	LÝÐRÆÐI	27
4.1	LÝÐRÆÐI Í LEIKSKÓLA	27
4.1.1	<i>Reglur og lýðræði</i>	30
5	AÐFERÐAFRÆÐIN	31
5.1	EIGINDLEG AÐFERÐAFRÆÐI.....	31

5.2	RÝNIHÓPAR.....	32
5.3	SÍMAVIÐTAL.....	33
5.4	GAGNAÖFLUN	34
5.4.1	Leyfi.....	35
5.4.2	Val á þátttakendum.....	35
5.4.3	Bakgrunnur viðmælenda.....	36
5.5	GREINING GAGNA.....	37
6	NIÐURSTÖÐUR	38
6.1	HVERT VAR UPPHAFIÐ?	38
6.2	AF HVERJU KUSUÐ ÞIÐ AÐ BYRJA AÐ VINNA EFTIR ÞESSU FYRIRKOMULAGI?	39
6.3	HVAÐ ER STÖÐVAVINNA ?	41
6.4	HVAÐ ER MIKILVÆGT AÐ Hafa Í HUGA Í STÖÐVAVINNU?	42
6.5	HVERJIR ERU KOSTIR STÖÐVAVINNU?.....	44
6.6	HVERJIR ERU GALLAR STÖÐVAVINNU?.....	46
6.7	HVERNIG META KENNARARNIR STARF SITT?	47
6.8	HVERNIG SJÁ LEIKSKÓLAKENNARARNIR STÖÐVAVINNUNA Í FRAMTÍÐinni?	49
6.9	SAMANTEKT.....	50
7	ÍGRUNDUN OG UMRÆÐUR.....	51
7.1.1	<i>„Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“</i>	<i>55</i>
8	LOKAORÐ.....	56
	HEIMILDIR.....	57

1 Inngangur

Við sem vinnum þessa ritgerð vinnum báðar í leikskólum sem vinna eftir starfsaðferðum kenndum við borgina Reggio Emilia á Ítalíu. Starf okkar í leikskólunum kveikti áhuga á að skrifa um *stöðvavinnu sem starfsaðferð í leikskóla*. Tilgangur og markmið þessarar ritgerðar er að svara spurningunum: „Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“

1.1 Kveikjan

Kveikjan að ritgerðinni var að 2006 fóru leikskólakennara og starfsfólk leikskólans Marbakki í Kópavogi, í náms- og kynnisferð til Stokkhólms í Svíþjóð.¹ Valborg Jónsdóttir annar höfundur þessarar ritgerðar starfar í leikskólanum og fór með í þessa ferð. Aðdragandi ferðarinnar var að leikskólakennarinn Anna Linda Nesheim sem hafði starfað á Marbakka, var farin að vinna í leikskóla sem starfar í anda Reggio í Stokkhólmi. Anna Linda sem hafði kynntist því hvernig staðið er að starfi og framþróun þess í anda Reggio eins og það er unnið í Stokkhólmi, kynnti vinnuaðferðina fyrir starfsfólki Marbakka.

Leikskólakennararnir sem fóru í ferðina, heilluðust af þessari starfsaðferð, sem kölluð hefur verið *stöðvavinna*, vegna þess að með henni sáu þeir möguleika á að nálgast áhugasvið fleiri barna. Til að byrja með var ákveðið að nota þessa starfsaðferð til prufu í tvo mánuði og endurskoða síðan árangurinn að þeim tíma loknum. Að tveimur mánuðum liðnum ákváðu leikskólakennararnir að halda áfram með stöðvavinnuna. Í Marbakka er farið í stöðvavinnu þrisvar í viku. Börnin hafa um margar stöðvar að velja, m.a. er hægt að vinna við ljósaborð, myndvarpa, byggja úr kubbum, leira, mála og margt fleira.² Þar sem okkur hefur fundist vanta er að til væru aðgengilegar upplýsingar um starfsaðferðina á einum stað, því vildum við gera tilraun til að bæta úr því með því

1 Leikskólinn Marbakki. 2006a

2 Leikskólinn Marbakki.b

að vinna þetta verkefni og gefa þannig um leið fleirum möguleika á að kynna sér þessa vinnuaðferð.

1.2 Uppbygging ritgerðarinnar

Í byrjun fjöllum við um upphafið að leikskólastarfi sem hefur verið kennt við Reggio Emilia, en það hófst í smábænum Villa Cella rétt utan við borgina Reggio Emilia á norður Ítalíu um 1945. Þar á eftir er stuttur kafli um hvað felst í því að starfa í anda Reggio Emilia.

Í þriðja hluta gerum við grein fyrir þeim fræðum sem liggja að baki ritgerðinni, einnig munum við leitast við að skilgreina hugtakið *stöðvavinna*. Við munum fjalla um þá þætti sem við teljum að skipti máli og þarf að huga að við framkvæmd stöðvavinnu. Þetta eru þættir eins og námsleiðir, uppeldisfræðileg skráning, námskrá og umhverfi. Í fjórða hluta er hugtakinu *lýðræði* gerð lítilega skil, en lýðræði er einn af meginþáttum sem einkennir starf í leikskólum í Reggio Emilia. Við munum m.a. skoða hvað einkennir lýðræðislegt starf í leikskólum.

Í fimmta hluta ritgerðarinnar er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar, rýnihópum, hvernig að gagnaöflun var staðið, hvernig úrvinnslu var háttað og sagt frá vali á þátttakendum og leyfum. Í sjötta hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum, kaflanum er skipt upp eftir spurningunum sem við spurðum þátttakendur, í lok kaflans er stutt samantekt. Sjöundi hluti ritgerðarinnar er ígrundun og umræður okkar á niðurstöðum þar sem þær eru settar í fræðilegt samhengi. Að lokum eru lokaorð.

2 Upphafið

Eitt er það land, sem er öllum löndum merkilegra. Það er landið, sem hvergi er til. Og þó er þetta land hvar sem maður óskar og hvernig sem maður vill að það sé.
(Valborg Sigurðardóttir. 1991:113)

Í smábænum Villa Cella rétt utan við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu þann 25. apríl árið 1945, tóku nokkrir foreldrar höndum saman um byggingu leikskóla, sem þau nefndu síðar „XXV Aprile“.³ Ástæða framtaks þessara foreldra var að þau þráðu breytingar í uppeldis- og menntunarmálum barna sinna eftir að hafa gengið í gegnum hörmungar stríðsins. Þau vildu að börn væru fær um að standa vörð um frelsi sitt og lýðræði. Að þau fengju tækifæri til að þroska hæfileika sína, njóta virðingar og að á þau væri hlustað. Strax í upphafi var kennsla og þekkingarleit barna það mikilvægasta, ekki gæslan.⁴ Loris Malaguzzi ítalskur barnaskólakennari og sálfræðingur heyrði um framtak foreldranna. Hann heillaðist af hugsjón og hugmyndum foreldranna í Villa Cella og ákvað að ganga til liðs við þau. Allt til ársins 1963 voru leikskólar í Reggio Emilia foreldrareknir, en eftir það tók sveitafélagið við rekstrinum og Malaguzzi tók við starfi yfirmanns leikskólanna, hann gegndi því starfi allt til ársins 1985.⁵

Malaguzzi og samstarfsmenn hans mótuðu starfsaðferð sem byggð er á hugmyndum og kenningum margra sem varðað höfðu leiðina um þroska barnanna, s.s. eins og Piaget, Celestine Freinet, Erik Erikson, Bronfenbrenner, Bruner, Dewey og Vygotsky. Seinna bættust svo kenningar Gardners um fjölgreindir við.⁶ Starfsaðferðin byggist á þjálfun sjónskynjunar og skapandi starfi með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og uppgötvunarnám.⁷ Malaguzzi trúði því að börn hefðu hundrað mál en að frá þeim væru tekinn níutíu og níu, samanber kvæði sem hann samdi og er birt hér fremst í ritgeðinni.⁸

Smám saman fór að fréttast út fyrir Ítalíu að eitthvað sérstakt væri að gerast í leikskólamáli í Reggio Emilia. Það var svo árið 1987 sem hugmyndafræðin kom til Íslands, leikskólinn Marbakki í Kópavogi var fyrstur til að fara að starfa í anda Reggio

3 Jonstoj og Tolgraven. 2001:51

4 Malaguzzi. 1998:49-52

5 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:10

6 Rinaldi. 2001:29; Malaguzzi:1998:58-59 ; Berk og Winsler. 1995:142

7 Jón Torfi Jónasson. 2006:62

8 Edwards. 1998:3

Emilia hér á landi.⁹

Kristín Karlsdóttir og Kristín H. Ólafsdóttir unnu rannsókn 2005-2006, um útbreiðslu starfs í anda Reggio Emilia á Íslandi. Niðurstöður sýna að þá sögðust talsmenn 32 leikskóla styðjast við hugmyndir og nálgun Reggio Emilia, í leikskólastarfinu. Á undanförmum árum hefur þeim farið fjölgandi leikskólunum hér á landi sem hafa kynnt sér starfsaðferðir Reggio Emilia og hafið starf byggt á hugmyndum í anda Reggio Emilia.¹⁰

2.1 Starfað í anda Reggio Emilia.

Malaguzzi sagði: Fullorðnir mega ekki gleyma að hlusta á börnin, þeir eiga ekki að „gefa“ börnum þekkingu heldur hjálpa þeim við að byggja upp sína eigin. (Loris Malaguzzi. 1998:82)

Í Reggio Emilia eru þarfir barna ávallt hafðar í fyrirrúmi, horft á vinnu þeirra, hlustað á þau og skoðanir þeirra virtar.¹¹ Megináhersla er lögð á skapandi starf, horft er á börn sem hæfa úrræðagóða, forvitna, hugmyndaríka og uppfinningasama einstaklinga með þrá til að hafa samskipti við aðra.¹² Lögð er áhersla á að börn hafi aðgang að umhverfi og efnivið sem bíður upp á sem mesta örvun, ekki aðeins leik.¹³ Litið er á allar tjáningarleiðir barna sem jafn mikilvægar, ekki bara það að geta lesið, skrifað og reiknað. Traust og virðing er borin fyrir getu barna til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum, ekki á forsendum og væntingum hinna fullorðnu.¹⁴

Malaguzzi sagði „að hinir fullorðnu þurfi stundum að stíga til hliðar og fylgjast með hvað börnin eru að gera og lofa þeim að takast sjálf á við verkefnin.“¹⁵ Eftir það geti hinn fullorðni frekar komið og kennt börnunum á þeirra forsendum. Malaguzzi talar um að Piaget hafi varað við að „gefa“ börnum lausn, þau ættu að fá tækifæri til að takast sjálf á við verkefnið sem þau standa frammi fyrir.¹⁶ Piaget hélt því fram að börnum væri eðlislægt að vera forvitin, þau byggju yfir getunni til að undrast. Þenn telur að það sem

9 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:11

10 Kristín Karlsdóttir og Kristín H. Ólafsdóttir. 2005-2006

11 Berglind Káradóttir, Jenný Borgedóttir og fl. 1994-1995:5-6

12 Wurm. 2005:16

13 Frost, Wortham og Reifel. 2005:241

14 McGhee, Danko og Slutsky. 2003; Cadwell. 1997:5

15 Malaguzzi. 1998:82

16 Malaguzzi. 1998:82

Piaget eigi við sé að börn eigi að fá öll þau tækifæri sem völ er á til að uppgötva hlutina sjálf og á eigin forsendum og þróa þannig sínar eigin þekkingar- og námsleiðir.¹⁷ Schirmacher telur að það sem átt er við sé að börnum sé eðlislægt að rannsaka og kanna, en þau þurfi hins vegar að fá tækifæri og tíma til að gera það á eigin forsendum. Samkvæmt Schirmacher er lærdómur eitthvað sem börn framkvæma, ekki eitthvað sem er gert fyrir þau. Því ættu leikskólakennarar að virkja eðlislæga forvitni og sköpunargáfu barna eins vel og aðra námsþætti.¹⁸

Hjá Berglindi Káradóttur, Jenný Borgedóttur og Lilju Kristjánsdóttur, kemur fram að hafa verður í huga að það að starfa í anda Reggio Emilia, þýði sveigjanleika og stöðuga endurskoðun. Því ekki sé um að ræða niðurnjörvaða aðferð heldur starf sem sífellt er í þróun og mótast af samfélagi, aðstæðum og þörfum einstaklinganna á hverjum tíma og hverjum stað.¹⁹ Þegar ákveðið hefur verið að starfa í anda Reggio Emilia er mikilvægt að muna það sem Malaguzzi sagði: „Gleymið Reggio Emilia, saga okkar er önnur.“²⁰ Með þessum orðum átti Malaguzzi við að það er ekki hægt að yfirfæra starfsaðferðir leikskólakennara í Reggio Emilia beint til annarra landa, vegna mismunandi sögu og menningar. Það sem þarf að gera er að aðlaga starfsaðferðina að menningu, sögu og aðstæðum hvers lands og hvers tíma, það sem á við í dag þarf ekki að eiga við á morgun, það sem á við í sveit á ekki endilega við í bæ. Framvegis munum við nefna Reggio Emilia eingöngu sem Reggio, til einföldunar.

17 Penn. 2005: 40-41

18 Schirmacher. 1998:185

19 Berglind Káradóttir, Jenný Borgedóttir, Lilja Kristjánsdóttir.[o.fl.]. 1994-1995:4-6

20 Wallin. 2003:26

3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim fræðilega bakgrunni sem við byggjum umfjöllun okkar á. Í tengslum við það munum við m.a. fjalla um þá þætti sem við teljum skipta máli og vert er að hafa í huga við framkvæmd stöðvavinnu.

3.1 Námsleiðir

*Malaguzzi benti á að ekki er sjálfgefið að barn læri það sem því er kennt.
(Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:24)*

Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir hafa bent á að námsleiðir barna séu margskonar og að þegar leikskólakennarar skipuleggi kennslu séu þeir ómeðvitað eða meðvitað að byggja á ákveðnum kenningum í kennslu og uppeldisfræðum.²¹ Þegar Malaguzzi fjallar um námsleiðir barna bendir hann á að Vygotsky hafi sagt að hlutverk leikskólakennara væri að styðja við hugmyndir barna og leiða þau áfram á *svæði hins mögulega þroska* (e. zone of proximal development).²² *Svæði hins mögulega þroska* er skilgreint sem það svæði sem er á milli getu barns þegar það leysir verkefni án hjálpar og svo getu barns þegar það fær aðstoð frá sér þroskaðri einstaklingi. Vygotsky sýnir fram á að ef barnið fær hvatningu og leiðbeiningu í leik og starfi frá þeim sem lengra eru komnir, öðlast það aukna vitneskju og sjálfstraust til að framkvæma verkefni upp á eigin spýtur.²³

Vygotsky, eins og Dewey, lagði áherslu á að lærdómur skyldi byggjast á fyrri reynslu og nýta skyldi þá reynslu til að læra enn meira, leikskólakennarar séu mikilvægir til að brúa bilið á milli þess sem þegar er vitað og þess sem framundan er.²⁴ Dewey bendir einnig á að það er dýrmæt gjöf að geta haft tækifæri til að læra af eigin reynslu.²⁵ Rannsókn sem Bartlett gerði styður það að menn muna betur þau atriði sem þeir

21 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:13

22 Malaguzzi.1998:83

23 Vygotsky. 1978:86-87

24 Dewey. 2000:48-50; Berk og Winsler. 1995:113-114

25 Dewey. 2000:58

þekkja,²⁶ það er öðlast gegnum eigin reynslu. Piaget lagði áherslu á að leikskólakennarar og börn ynnu saman með gagnkvæmri virðingu. Hann benti einnig á að með því að fá tækifæri til að handfjatla hluti og gera tilraunir með þá, styrkist vitsmunafroski barna.²⁷ Það er því ljóst að hlutverk leikskólakennara er að sjá börnunum fyrir tækifærum til að prófa fjölbreyttan efnivið, styðja þau og hjálpa til að læra og þroskast á eigin forsendum, með eigin reynslu í samskiptum við aðra þroskaðri einstaklinga, bæði eldri börn og fullorðna.

Samkvæmt Bruner er nám virkt félagslegt ferli.²⁸ Hann taldi börn ekki geta skilið viðfangsefni fyrr en þau þekkja það, það er að börn leiti eftir upplýsingum, setji fram tilgátur og taki ákvarðarnir út frá nýrri reynslu og samlagi hana að þeirri þekkingu sem fyrir er.²⁹ Samkvæmt námskenningum þarf að hafa í huga að hægt er að styrkja jákvæða jafnt sem neikvæða hegðun hjá börnum. Með því að taka eftir því jákvæða sem börn sýna í stað þess neikvæða er hægt að laða hið jákvæða fram. Bandura hefur gagnrýnt þessar kenningar og vill frekar meina að börn læri nýja hegðun með því að horfa á aðra og herma eftir. Þannig læri þau ekki aðeins hegðun, heldur einnig hugmyndir og væntingar.³⁰ Það má því draga þá ályktun að ef komið er fram við börn af virðingu og jákvæðni, virki það hvetjandi á þau til að halda áfram á leið sinni til uppgötvunar og náms.

Malaguzzi benti á að það að ræða við börn um hugmyndir þeirra, gera áætlanir um næstu skref og rökræða um verk þeirra væri dýrmætt tæki til menntunar.³¹ Að hlusta á börn og rökræða við þau gefur þeim tækifæri til að þróa sjálfsmynd sína og þau fá tilfinningu fyrir því að aðrir geti haft aðra skoðum en þau.³² Nokkrir fræðimenn hafa bent á að hlutverk leikskólakennara sé að afla sér þekkingar á börnum og finna verkefni við þeirra hæfi, sem henta vel til áframhaldandi vinnu miðað við hæfileika og getu barnanna.³³ Golemann segir að heili barns sé að taka út 70% af vexti sínum á fyrstu

26 Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. 2005:134-135

27 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:16

28 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:14

29 Frost, Wortham og Reifel. 2005:41-42

30 Bee og Boyd. 2004:249-250

31 Malaguzzi.1998:83

32 Göthson. 2006:30

33 Göthson. 2006:30; Dewey. 2000:66; Gardner. 1995:206

þremur æviárum barnsins og að á þeim árum sé mótun heilans mest.³⁴ Gardner segir að fyrir sjö ára aldurinn séu börn móttækilegust fyrir þekkingu því á þeim aldri sé hugur þeirra tiltölulega ómótaður og fullur af ævintýrum, börn á þessum aldri séu úrræðagóð, sveigjanleg og skapandi.³⁵ Gardner setti fram kenningu um að skipta mætti greind einstaklingsins niður í átta grunngreindir. Tilgáta hans var sú að greind snúist um hæfileika til að leysa þrautir og vandamál og til að þróa hæfileika sína í samspili við umhverfið á því aldurskeiði sem börn séu hvað móttækilegust fyrir utanaðkomandi áhrifum.³⁶ Það er því ljóst að leikskólaárin eru mikilvægur tími í lífi barna og ábyrgð leikskólakennara því mikil.

Með því að hafa fjölbreytileika í kennsluáðferðum ásamt því að spyrja börn opinna spurninga, geta leikskólakennarar hjálpað börnunum að finna hvar hæfileikar þeirra liggja.³⁷ Með opnum spurningum er átt við spurningar sem bjóða ekki upp á eitt rétt svar, heldur spurningar sem kalla á virkjun hugmyndaflugs og rökhusunar jafnt og innsæi.³⁸ Leikskólakennarar ættu ekki að vera hlutlausir áhorfendur að námi barna, heldur eiga þeir að vera virkir þátttakendur og ræða við börn um þau verkefni sem þau eru að fást við.³⁹

Eitt af því sem leikskólastarf í anda Reggio byggist meðal annars á er undirbúningur og samvinna leikskólakennara. Leikskólakennarar ræða sín á milli um starfið og hvernig það hefur gengið. Forman og Fyfe segja að það sé mjög mikilvægt að leikskólakennarar gefi sér tíma í dagsins önn til að ræða saman um starfið og aðferðir sínar.⁴⁰ Gardner benti á mikilvægi samvinnu fólks, bæði fullorðinna og barna, með samvinnu fengist dýpri og betri þekking og skilningur á viðfangsefninu.⁴¹ Þar spilar uppeldisfræðileg skráning stórt hlutverk í að þróa starfið með börnunum áfram, skráningar eru tæki leikskólakennarans bæði til að þróa sitt starf og starf barnanna og til að læra að skilja

34 Goleman. 2000:198

35 Gardner. 1995:111

36 Armstrong. 2000:13-14/21

37 Renstöð og Lundgren. 2005:8

38 Ingvar Sigurgeirsson. 1996:14

39 Rinaldi. 2001:82 ; Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:48-49.

40 Forman, Fyfe. 1998: 254-255

41 Gardner. 1995:198

hugaheim barnanna.⁴² Næst verður sagt frá hvað felst í uppeldisfræðilegri skráningu, sem framvegis verður nefnd *skráning* til einföldunar.

3.2 Skráning

Öll reynsla er bogagöng og í gegnum þau glittir í þennan ókannaða heim, en ystu mörk hans breytast sí og æ þegar ég ferðast. (Dewey. 2000:47)

Til þess að leikskólakennarar komist að hvar áhugi barnanna liggur og hver geta þeirra er þurfa þeir að vera vakandi fyrir því sem þau eru að fást við. Í *Aðalnámskrá leikskóla* frá 1999, blaðsíðu 14 segir: „Leikskólakennari þarf að ætla sér tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barns, bæði þegar það er eitt og í samspili við barnahóp.“

Skráning er aðferð sem hefur þróast í leikskólum í Reggio frá því í kringum 1963. Aðferðin er góð leið til þess að kynnast áhugamálum og skoðunum barna og einnig góð leið til að gera innra starf leikskóla sýnilegt.⁴³ Foreldrar vita oft ekki hvað börnin þeirra eru að fást við dags daglega í leikskólanum, en með því að skrá starfið er opnaður gluggi fyrir foreldra að kíkja inn um. Skráningarnar sem sýna það sem börnin eru að fást við í leikskólanum er hafðar þar sem foreldrar og börn geta skoðað þær saman og rætt um það sem þar sést. Kennedy og Forman og Fyfe benda á að með því að gera verk barna sýnileg með m.a. ljósmyndum og orðum, eru þau að draga fram mikilvægi þeirra og sýna þeim virðingu, börnin verði stolt og sjá hve vinna þeirra er mikilvæg á ápreifanlegan hátt.⁴⁴ Börnin finni að þau eru hluti af leikskólanum og samfélaginu í kringum sig.⁴⁵ Við erum sammála þessu og teljum mikilvægt að sýna hvað barn getur, hæfileika þess og færni og ekki síður hugsanir barnsins og þælingar á viðfangsefninu.

Skráning felur í sér að skrá það sem kemur frá börnum, það sem þau segja og gera. Hægt er að gera margskonar skráningar eins og t.d. ljósmynda-, myndbands- og segulbandsskráningar, einnig er hægt skrifa niður það sem börnin segja og gera ásamt

42 Rinaldi. 2006:68-71.

43 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:35/58

44 Kennedy. 1999:15-16; Forman og Fyfe. 1998:239-252; Cadwell. 1997:6

45 Gandini og Goldhaber. 2001:131

vangaveltum leikskólakennara.⁴⁶ Skráning á ekki að vera og er ekki atferlisathugun, heldur er hún tæki til að auka skilning okkar á því sem fram fer í leikskólanum.⁴⁷ Mac Naughton bendir á að í anda Foucault og póstrúktúralista sé mikilvægara að afla sér þekkingar á börnum frekar en að leita að einhverjum einum sannleika um þau.⁴⁸ Það er að leikskólakennarar eiga ekki að ákveða getu barna eftir ákveðnum prófum eða stöðlum heldur er æskilegra að afla þekkingar um getu þeirra og hæfileika með skráningum. Rinaldi hefur bent á að með skráningu geti leikskólakennarar fylgst með hvar börn leika sér, með hvað og hvernig. Þannig geti leikskólakennarar notað skráningu til að þróa starfið útfrá áhuga barna. Leikskólakennarar geti einnig notað skráningu til að skoða sjálfa sig í starfi og þannig bætt sig.⁴⁹ En hvernig getum við notað skráningar í starfi? Um það verður fjallað í næsta kafla.

3.2.1 Að vinna úr skráningum

Hin mikla list kennarans er að hjálpa hverjum nemanda til að velja sér verkefni af viti og skilningi, er hann hefur öðlast, með könnun á áhuga og getu hvers og eins.
(Hafðís Guðjónsdóttir og fleiri. 2005:83)

Cuffaro segir að leikskólakennarar séu smásagnahöfundar, að á hverjum degi hafi þeir sögu að segja, sögur um uppgötvanir og getu barna í leikskólanum. Með hverri sögu sé hægt að spyrja sig spurninga, bæði varðandi börn og leikskólakennara.⁵⁰ Sögurnar verða til við hinar ýmsu aðstæður daglegs lífs um leið og leikskólakennarar reyna, eins og Wallin orðar það „að fanga keðju af gjörðum, hugsunum og kennslu sem maður sjálfur og börnin eru hluti af.“⁵¹ Með því að skrá sögurnar um leið og þær verða til, er hægt að horfa til baka og skoða þær aftur og aftur og koma auga á eitthvað nýtt, eitthvað sem getur hafa farið framhjá okkur eða börnunum, telja bæði Cuffaro og Wallin.⁵² Leikskólakennarar geta í lok vinnustundar sest niður með börnunum og spurt þau hvernig hafi gengið, hvað þau hafi lært til viðbótar við það sem þau vissu áður.⁵³ Lewin-Benham telur að með því að setjast niður með börnum minna leikskólakennarar þau á

46 Kennedy. 1999:15-16

47 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:35; Dahlberg, Moss og Pence. 1999:218

48 Naughton. 2005:34

49 Rinaldi. 2006:68-71.

50 Cuffaro. 1995:14

51 Wallin. 2003:83

52 Wallin. 2003:83; Cuffaro. 1995:14-15

53 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:85

hvað þau hafi sagt áður, þeir rifja upp með þeim fyrri spurningar þeirra, tillögur og viðbrögð.⁵⁴ Samkvæmt Wallin er aðferðin ekki aðalmálið heldur það sem á að skoða, leikskólakennarar geta spurt sig, hvernig lærir þetta barn? Hvað lærði það? Það hvað eða hvernig eitt barn lærir þarf ekki að þýða að annað barn læri það sama þó að þau geri sama verkið.⁵⁵ Við teljum að það fari eftir áhuga barnanna á verkefningu og eitt barn getur haft áhuga á öðru en næsta barna við hliðina á því, þess vegna eru skráningar mikilvægur hluti í starfinu.

Kennedy segir að leikskólakennarar þurfi að finna þá aðferð sem henti þeim best við skráningu, hún bendir jafnframt á að ekki sé hægt að skrá allt sem sést og gerist,⁵⁶ leikskólakennarar þurfa að spyrja sig „hvað vil ég skoða?“ og „hvers vegna?“ Kennedy segir að hafa beri það í huga að hver leikskólakennari sér út úr skráningum það sem þeir þekkja.⁵⁷ Það sem átt er við er að sá sem skráir getur aldrei verið hlutlaus, m.a. vegna þess að hann er þátttakandi í skráningunni og skráir það sem vekur athygli hans og áhuga.⁵⁸ Að okkar mati þýðir það að tveir leikskólakennarar sjá ekki endilega það sama út úr sömu skráningunni. Það undirstrikar að okkar mati mikilvægi þess að rökræða skráningar með öðrum leikskólakennurum, sem getur gefið skráningunum nýja vídd og varpað frekara ljósi á þekkingu og getu þeirra sem skráningin fjallar um.

Kennedy telur það vera rétt barna að leikskólakennarar skoði skráningar saman á slíkan hátt, það sé mikilvægt að leikskólakennarar gefi sér tíma til að ræða saman og vinna sameiginlega úr skráningum.⁵⁹ Ígrundandi vinnubrögð, þar sem tveir eða fleiri leikskólakennarar ígrunda saman, gera kröfu á gagnrýna hugsun, og til þess að leikskólakennarar séu meðvitaðir um starfið. Skráningar eru einnig góð leið til að sjá hvernig hægt er að þróa umhverfið út frá leiknum, t.d. að nota hann sem hugmynd að breytingum á umhverfinu, sem tekur tillit til þess hvar og hvernig börnin leika sér.⁶⁰ Nordin-Hultman bendir á að samspil barna og umhverfis í leikskólum sé mikilvægt, því

54 Lewin-Benham. 2006:56

55 Wallin. 2003:83

56 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:85; Kennedy. 1999:75-77

57 Kennedy. 1999:75-77

58 Dahlberg, Moss og Pence. 1999:230

59 Kennedy. 1999:75-77

60 Mylesand. 2007:93; Åberg og Taguchi. 2005:30-31; Kennedy. 1999:125

þurfi leikskólakennarar að hafa umhverfisþátt starfsins vel í huga.⁶¹ Samkvæmt Knight þarf stöðugt að horfa á umhverfið og skrá það sem á sér stað með tilliti til hvers barnahóps fyrir sig, þannig að það höfði til þess hóps sem er til staðar í það sinn.⁶²

Mylesand telur að með því að skoða skráningar af verkum og leik barnanna sé hægt að komast að því hvernig þau hugsa, það geti gefið nýjar hugmyndir af því hvernig hægt sé að styðja þau áfram til frekara náms.⁶³ Leikskólakennarar vilja geta horft til baka og greint atburðarrásina, horft á hana frá ólíkum sjónarhornum og leiðum, með því að ræða við samstarfsfélaga um verkefnið og börnin er hægt að finna út hvaða þræði á að fylgja.⁶⁴ Mylesand og Forman og Fyfe benda á mikilvægi þess að leikskólakennarar gefi sér tíma í að ræða saman og vinna sameiginlega úr skráningum. Þannig geti þeir ákveðið saman næstu skref í áframhaldandi vinnu og ákveðið hvernig skráningar skuli gera.⁶⁵ Árangursríkasta starfsþróunin segir Naughton vera þegar rætt er saman og ígrundað í litlum hópum, hún telur hins vegar litlu skipta þó að engin rétt svör finnist það sé umræðan sem sé aðalatriðið.⁶⁶ Samkvæmt fjölgreindarkenningu Gardners þurfa leikskólakennarar að ígrunda kennsluáðferðir sínar til að ná fram sem bestum árangri hjá öllum börnunum.⁶⁷ Skráningar eru tæki leikskólakennara til ígrundunar á aðferðum sínum, með þeim er m.a. hægt að sjá hvar hæfileikar barna liggja og miða verkefnin út frá því.

Skráning er tæki til að læra af, eins og kemur fram hjá Mylesand getur skráning hjálpað leikskólakennurum til að finna næsta skref í ferlinu, það geri þeir m.a. með því að vera góðir í að hlusta eftir áhuga barna.⁶⁸ Einnig geta leikskólakennarar spurt opinna spurninga og hlustað með því geta þeir haldið áhuga barna vakandi og leitt vinnu þeirra áfram.⁶⁹ Rinaldi segir að skráningar gefi leikskólakennurum tækifæri til að fylgjast vel

61 Nordin-Hultman. 2005:151-152

62 Knight. 2001:34

63 Mylesand. 2007:91

64 Wallin. 2003:83; Cuffaro. 1995:14-15

65 Mylesand. 2007:93; Forman, Fyfe. 1998: 254-255

66 Naughton. 2005:197-198

67 Armstrong. 2000:51

68 Mylesand. 2007:93

69 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:85

með námsferli barna, jafnt einstaklinga sem hópsins í heild.⁷⁰ Spurningarnar eru notaðar sem kveikja að áframahaldandi vinnu, opnar spurningar gefa tækifæri til að koma með fleiri svör en eitt rétt.⁷¹ Spurningunum er líka ætlað að vekja börnin til umhugsunar um viðfangsefnið. Börn hafa flest ákveðnar skoðanir og þess vegna á ekki að vera búið að ákveða fyrirfram rétt svar fyrir þau, heldur á að hlusta og gefa þeim tækifæri til ihugunar.⁷² Með því að gera skráningar hjálpa leikskólakennarar börnum að gera sér grein fyrir eigin þekkingu, með þeim hjálpa þeir börnunum við að byggja upp nýja þekkingu ofaná þá sem fyrir er.⁷³ Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir benda á að opnar spurningar hvetja til rökfærslu og sjálfstæðrar hugsunar, en lokaðar spurningar gera litlar kröfur til gagnrýnnar hugsunar.⁷⁴ Sem dæmi telja Áberg og Taguchi og fleiri að með því að hlusta á börn og fá þau til að tala um sína eigin vinnu geta leikskólakennarar nýtt hugmyndir þeirra til að leiða vinnu þeirra áfram.⁷⁵

Eitt af hlutverkum leikskólakennara er að reyna að átta sig á hvert stefnir, þeir þurfa ávallt að vera reiðubúnir til að geta leitt börn áfram í þekkingar leit sinni, en samkvæmt Dewey getur sérhver athöfn barna og reynsla haft áhrif til frambúðar. Sá fullorðni á að nýta eigin reynslu til að leggja mat á það sem börn gera, hugsa um hvernig hægt er að leiða þau áfram til frekari þekkingar.⁷⁶ Kennarar í Reggio segja oft: „Gríptu boltann frá barninu og kastaðu honum til baka á þann hátt að barnið vilji halda áfram.“⁷⁷ Á margan hátt má segja að það sé nokkurn vegin það sem er verið að sækjast eftir með því að vinna úr skráningum, þ.e. að finna út hvernig best sé að kasta boltanum til baka til barna, þannig að þau finni hjá sér áhuga og hvöt til að vinna áfram með viðkomandi verkefni og dýpki þekkingu sína.

Okkar skoðun er að leikskólakennarar ættu að vera vakandi fyrir því hvernig þeir nýta reynsluna sem býr innan veggja leikskólans, bæði þeirra eigin sem og barnanna. Einnig

70 Rinaldi. 2001:83-84

71 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:85

72 Wurm. 2005:16; Clark og Moss. 2001:6

73 Rinaldi.2006:126-127

74 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:85;

75 Áberg og Taguchi. 2005:116-117; Gandini og Goldhaber. 2001:125

76 Dewey. 2000:48

77 Edwards. 1998:179

að vera vakandi fyrir að grípa þau tækifæri sem gefast til náms. Í leikskólum sem starfa í anda Reggio er stuðst við svokallaða *fljótandi námskrá* einnig nefnd *vaxandi námskrá* (e. emergent curriculum), við höfum valið að nota fljótandi námskrá, í næst hluta verður farið í hugmyndafræði fljótandi námskrár.

3.3 Fljótandi námskrá

Langmikilvægasta viðhorfið sem myndast getur er löngun til að halda áfram að læra. Órofið samhengi í þroska nemanda verður stöðugt að vera kjörorð kennarans. (Dewey. 2000:9)

Aðalnámskrá leikskóla tók gildi 1. Júlí 1999, samkvæmt því sem þar kemur fram er leikskólum skylt að semja skólanámskrá, þar sem fram koma starfshættir leikskólans, markmið og leiðir, hugmyndafræði, starfsáætlun og mat á leikskólastarfinu.⁷⁸ Samkvæmt lögum um leikskóla er leikskólinn fyrsta skólastigið í menntakerfinu, þar sem fram fer menntun barna á leikskólaaldri. Þar segir að menntun barna sé í merkingunni, uppeldi, umönnun, nám og kennsla. Á Íslandi byggir leikskólastarf á lögum um leikskóla, *Aðalnámskrá leikskóla* og þeim reglugerðum sem Menntamálaráðuneytið gefur út.⁷⁹

Samkvæmt Rönning er hlutverk námskráa mismunandi, en yfirleitt er það að stýra því sem fram fer í leikskólanum. Þar eiga m.a. að koma fram væntingar til leikskólakennara og barna.⁸⁰ Þó skylt sé að semja námskrá fyrir leikskóla verður að gæta að því að námskráin verði ekki að aðalatriðið, á kostnað barnanna. Að mati Jones og Nimmo er auðvelt fyrir leikskólakennara að festa sig í markmiðum námskrár þannig að hún verði mikilvægari en börnin. Þá eru þau að meina að það er auðveldara að búa til skipulag og stjórna eftir því heldur en að fylgja börnunum.⁸¹ Foucault bendir meðal annars á að reglur og skipulag stjórnari lífi okkar að mörgu leiti.⁸² Við teljum varasamt að horfa of mikið á ákveðnar reglur og fyrirfram ákveðna dagskrá, því að þá er hætt við að leikskólakennarar hætti að sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og þann hæfileika teljum við vera mikinn kost í starfi leikskólakennara.

78 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:7-8

79 Lög um leikskólanr.78/ 1994

80 Rönning. 1996:17

81 Jones og Nimmo. 1994a:12

82 Foucault. 1969:98

Copple hjá Jones og Nimmo talar um að hugtakið *fljótandi* (e. emergent) merkir að skipulag þarf að vinnast út frá daglegu lífi barna og fullorðna og þá sérstaklega út frá áhugasviði barna. Það minnir okkur á að gæta þess að það sé staður innan skipulagsins þar sem börnum er gefið tækifæri á að læra og leika sér. Hún segir einnig að hugtakið *námskrá* (e. curriculum) minni okkur á að hlutverk leikskólakennara er einnig mikilvægt í leikskólastarfinu.⁸³ Eins og áður hefur komið fram er stuðst við fljótandi námskrá þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio.⁸⁴ Með fljótandi námskrá er átt við að ekki eru sett niður fyrirfram ákveðin markmið til að vinna eftir, heldur eru settar fram tilgátur um hvað geti gerst, tilgáturnar eru byggðar á þekkingu leikskólakennara á börnum. Einnig er gengið út frá fyrri reynslu, en Malaguzzi, Rinaldi og fleiri telja að sú reynsla sé aðal uppbyggingarefni leikskólakennaranna í starfinu með börnunum.⁸⁵ Malaguzzi sagði að með skipulagðri námskrá, sem hefði bæði undir- og yfirmarkmið væri verið að senda skólanna í átt að kennslu án lærdóms.⁸⁶ Þá er hann að meina að hætta er á að kennslan skili sér ekki til barnanna vegna þess að námskráin er ekki skipulögð út frá áhuga þeirra. Dewey hélt því fram að ef móta ætti kennsluáætlanir og námsefni út frá reynslu, væru menn að skuldbinda sig til að móta skynsamlega kenningu eða heimspeki. Annars væru menn bara að fylgja straumnum án sjáanlegra markmiða.⁸⁷ Það sem Dewey á við er að leikskólakennarar ættu ekki að vinna eftir fyrirfram ákveðnum markmiðum heldur ættu markmiðin að verða til jafnóðum. Malaguzzi taldi að þegar leikskólinn væri ekki lengur fastur í viðjum vanans og skipulagningar færi starfið að miðast út frá börnunum. Að hans mati byggir leikskólinn starfið á samvinnu barna, leikskólakennara og fjölskyldna í samspili við umhverfið og samfélagið.⁸⁸

3.3.1 Að örgra og hvetja

Að vinna í anda Reggio felst í því að fylgja börnunum eftir. Börnin ráða förinni en leikskólakennarar fylgja eftir, hvetja áfram, leiðbeina og ögra. Þó börnin ráði för eru

83 Jones og Nimmo. 1994b:vii

84 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:45

85 Malaguzzi.1998:87-88; Rinaldi. 1995:101-102

86 Malaguzzi.1998:87-88

87 Dewey. 2000:61

88 Malaguzzi. 1996:29

leikskólakennarar ekki að fylgja börnunum eftir í blindni heldur eru börnin og leikskólakennararnir samverkamenn.⁸⁹ Þegar unnið er eftir *fljótandi námskrá* þurfa leikskólakennarar að vera vakandi fyrir því að grípa öll tækifæri sem gefast og nota þau sem námstæki.⁹⁰ Malaguzzi sagði að börn séu sífellt að læra og gera uppgötvanir. Því ættu leikskólakennarar að vera vakandi fyrir þeim námstækifærum sem bjóðast dagsdaglega og hvetja börn áfram með opnum spurningum.⁹¹ Leikskólakennarar og börn ættu einnig að ræða saman í hóp og deila hugmyndum, Vecchi telur að börn og kennarar þurfi ekki endilega alltaf að vera sammála en með því að ræða málin sé yfirleitt hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu.⁹²

3.3.2 Börn hafa hundrað mál

Eitt af því sem einkennir viðhorf þeirra sem starfa í anda Reggio er að börnin hafa *hundrað mál* en vegna ofuráherslu á hið talaða orð eru frá þeim tekin 99 svo eftir standa einungis töluð orð. Malaguzzi taldi það eitt að hlutverkum leikskólakennara að virkja öll tungumál barnanna, með því að hlusta á þau og hvetja til dáða á þeirra eigin forsendum. Að hvetja þau til tjáningar með öllum málunum sínum hundrað.⁹³ Í bókinni *Fagleg kennsla í fyrrrúmi*, þar sem höfundar byggja á eigin reynslu sem kennarar segir að kennsla sem byggir á þörfum hvers barns og rétti þess til að læra, sé einstaklingsmiðuð kennsla og þurfi að byggjast á góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið hvers barns.⁹⁴ Þá þekkingu geta leikskólakennarar aflað sér til dæmis með skráningum á því sem börn eru að fást við. Vecchi bendir á að börn eigi rétt á að tjá sig með öllum tjáningarformum sínum. Leikskólinn og samfélagið verði að skapa aðstæður svo að þannig megi vera.⁹⁵ Samkvæmt 2. gr. í lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi barna vera:

Að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar, að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna, að efla kristilegt

89 Malaguzzi. 1998:88-89

90 Jones og Nimmo. 1994a:12

91 Malaguzzi. 1998:87

92 Vecchi. 1997:5

93 Malaguzzi. 1998:73

94 Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005:23

95 Vecchi. 1997:6

siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi ...⁹⁶ að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, ...

Samkvæmt því er það hlutverk leikskólakennara að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og leggja áherslu á að efla sjálfstæði barnanna, virkni þeirra og sköpun. Þetta fer saman við það sem lögð er áhersla á í starfsaðferðum Reggio. Annað sem einkennir starf í anda Reggio er að litið er á umhverfið sem stóran þátt í uppeldi barnanna, frá því verður sagt í næsta kafla.

3.4 Umhverfi með hundrað mál

Malaguzzi sagði: „Rýmið á að endurspeglar hugmyndir, gildismat, viðhorf og menningu þeirra sem þar lifa og hrærast“. (Gandini. 1998:177)

Í leikskólum sem vinna í anda Reggio er litið á umhverfið sem *þriðja kennarann*, hinir kennararnir eru leikskólakennararnir og börnin. Það sem átt er við er að umhverfið, leikskólakennararnir og börnin séu fræðararnir. Þegar litið er á umhverfið sem þriðja kennarann er lögð áhersla á að umhverfið sé fallett og hvetjandi ásamt því að vera fræðandi, að hver hluti í rýminu hafi ákveðinn tilgang.⁹⁷ Í leikskólum sem starfa í anda Reggio er rýmið sveigjanlegt, það tekur mið af þeim barnahóp sem er þar hverju sinni þannig að auðvelt er að skipta út efniviðnum, allt eftir þörfum og löngunum barnanna og leikskólakennaranna.⁹⁸

Dewey og Gardner leggja áherslu á að leikskólakennarar skapi aðstæður í umhverfinu þar sem allir hæfileikar barnanna fái að njóta sín jafnt.⁹⁹ Bronfenbrenner lagði áherslu á að umhverfið ætti stóran þátt í mótun barna, leikskólinn á þar stóran hlut að máli.¹⁰⁰ Dewey eins og Bronfenbrenner benti á að til umhverfis teldist allt sem væri í návígi barns, þar skipti máli samspil þátta sem móta reynslu, langanir, hæfileika og áform.¹⁰¹ Samkvæmt Piaget læra börn einnig með því að vera í samskiptum við aðra og af

96 Lög um leikskóla. 78 /1994

97 Cadwell. 1997:5; Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:17

98 Wurm. 2005:30-31; Branzi, Rinaldi og Vecci o.fl. 2001:38

99 Dewey. 2000:68; Gardner. 1995:204-205

100 Anning og Edwards. 2006:3-6; Penn. 2005:44

101 Dewey. 2000:54

samspili og áhrifum umhverfisins.¹⁰² Af þessum atriðum má sjá að samskipti barna við aðra í umhverfi sem höfðar til mismunandi þarfa og langanna er mikilvægur þáttur, sem má ekki horfa framhjá í skipulagningu umhverfis leikskóla.

3.4.1 Viðhorf og afstaða leikskólakennarans skiptir máli

Robinson og Diaz leggja áherslu á að í skipulagningu umhverfisins ættu leikskólakennarar að skapa aðstæður sem leyfi séreinkennum barnanna að njóta sín,¹⁰³ en samt þurfi að vera til staðar ákveðinn rammi.¹⁰⁴ Cuffaro segir að ef horft er til kenninga Deweys, sé þáttur leikskólakennara í skipulagningu umhverfis mikilvægur. Sem dæmi nefnir Cuffaro að það hvernig umhverfið sé hannað og hvernig efniviður er borinn fram skipta máli, leikskólakennarar þurfi því að spyrja sig hvað það er sem þeir ætli að leggja áherslu á og hvaða efniviður passi í því tilefni.¹⁰⁵

Mac Naughton og Williams telja að leikskólakennarar geti gert umhverfi leikskólans námsvænt með því að gera áætlanir, velja hentugan efnivið, skipuleggja rými og að tala við og hlusta á börnin. En þetta snýst einnig um hvernig leikskólakennarar fylgjast með börnum þannig að þeir sjái út þarfir þeirra og áhugamál.¹⁰⁶ Hlutverk leikskólakennara er að koma auga á þau skilyrði sem eru fyrir hendi í umhverfinu, grípa þau og nota áfram í þágu menntunar.

Þau hlutlægu skilyrði sem leikskólakennarar eiga þátt í að skapa spanna vítt svið. En með hlutlægum skilyrðum er átt við það sem leikskólakennarar gera, hvernig þeir gera það, orðin sem þeir nota og raddblærinn sem orðunum fylgir, allur búnaður, gögn sem þeir velja til að styðjast við, auk athafna.¹⁰⁷ Karlson talar um að samspil umhverfis og ímyndunarafls hafi einnig áhrif, það er að átta sig á hvað það er í umhverfinu sem ýtir undir ímyndunarafli barna og vekur hugsun þeirra. Karlson telur að í leiknum komi fram allt það sem börnum er edlilegt og að umhverfið eigi að gefa ímyndunaraflinu byr undir

102 Anning og Edwards. 2006:56-57

103 Robinson og Diaz. 2006:33

104 Dewey. 2000:68

105 Cuffaro. 1995:17-18

106 Mac Naughton og Williams. 2004: 87

107 Dewey. 2000:55; Rinaldi. 1999:10-11

báða vængi og gefa þannig leik barnanna meiri fyllingu.¹⁰⁸ Eftir því sem best verður séð þurfa leikskólakennarar að vera vel vakandi yfir hvernig umhverfi leikskóla höfðar til barna með tilliti til framkomu leikskólakennara, samspili húsgagna, ögrunar hugmyndaflugs og framboði á efnivið til sköpunar.

3.4.2 Ögrandi og hvetjandi umhverfi

Kennedy bendir á að umhverfi leikskóla geti verið margskonar, það geti verið heimilislegt, verkstæðislegt eða vinnustofulegt. Það sé mismunandi sýn leikskólakennara á hvað sé gott umhverfi sem ráði því hvað sé valið. Hún telur að hægt sé að útbúa leikskóla þar sem börn geti nálgast margskonar efnivið sem nálgast ólík áhugasvið og þarfir barna.¹⁰⁹ Nordin-Hultman segir að í leikskólum sem eru byggðir upp eins og verkstæði sé lögð áhersla á virkni barna og margskonar möguleika til að læra í opnum rýmum.¹¹⁰ Hjá Cadwell kemur það fram að börnum sé meðfætt að vilja kanna og rannsaka,¹¹¹ þá þarf að hafa efniviðinn aðgengilegan, með því að skapa rými í rýminu. Kárnebro segir það geta t.d. verið herbergi þar sem hægt er að rannsaka ýmiskonar efnivið til dæmis með ljós og skugga, myndvarpa, ljósaborði, diskókúlu og hverju öðru sem hugmyndaflugið býður upp á.¹¹² Í leikskóla þar sem gert er ráð fyrir að að allir finni eitthvað við sitt hæfi eru skapaðar aðstæður þar sem allir geta verið niðursokknir í verkefni. Í þannig umhverfi má segja að aginn felist í aðstæðunum og þeim verkefnum sem er verið að vinna að.¹¹³ Það þýðir að leikskólakennarar þurfa að hafa lítill afskipti af börnum af því að þau eru niðursokkin í verkefni sem halda athygli þeirra og áhuga. Þar er ekki hamangangur og læti í verkefnalausum börnum.

Dewey talaði um þörfina fyrir innra frelsi og að sérhvert barn þyrfti þess konar frelsi til að athuga eða rannsaka og leggja sitt mat á hluti og atburði. Hann nefndi að ytra frelsi væri frelsi til að hreyfa sig og þess konar frelsi er mikilvægt fyrir börn sem eru að prófa sig áfram í veröldinni. Leikskólar sem eru í líkingu við verkstæði eða tilraunastofu, eru

108 Karlson. 2004:89

109 Kennedy. 2004:7

110 Nordin-Hultman. 2005:61-62

111 Cadwell.1997:5

112 Kárnebro. 2004:107-108

113 Thorbergsen. 2007: 73; Dewey. 2000:66

sjaldnast með algera kyrrð og ró.¹¹⁴ Þó að hér sé talað um frelsi er ekki þar með sagt að það ríki agaleysi, frelsið sem átt er við er frelsi til leiks en ekki til óþekktar.

3.4.3 Hlutverk húsgagna og efniviðs

Thorbergson fjallar um hversu stórt hlutverk húsgögn leikskólans spila,¹¹⁵ hann eins og Rinaldi telja að lág borð og stólar gefi börnunum tækifæri á að koma og fara að eigin frumkvæði.¹¹⁶ Mylesand bendir á að mismunandi borð gefi margskonar möguleika eins og til dæmis er hægt að setja borð upp við vegg með spegli á bakvið það geti gefið verkefnum nýja vídd.¹¹⁷ Niðurstöður rannsóknar Sesselju Hauksdóttur sýna að leikskólaumhverfi sem stuðlar að sjálfræði barna, gerir börnunum kleift að bjarga sér sjálf með því að hafa allan efnivið aðgengilegan. Börnin hafa val og þau hafa möguleika á skapandi starfi.¹¹⁸ Að okkar mati ætti það að vera réttur barna að leikskólinn sé hannaður með þarfir þeirra í huga, það er að búnaður og húsgögn séu miðuð út frá hæð barnanna en ekki fullorðinna.

Thorbergson tekur dæmi um hvernig skipulag umhverfisins skiptir máli, t.d. hvort rýmið sé svo yfirfullt að það virki yfirþyrmandi, eða hvort það sé skipulagt þannig að það virki hvetjandi.¹¹⁹ Åberg og Taguchi telja að leikskólakennarar eigi að spyrja sig spurninga eins og hvort það sé eitthvað spennandi í herberginu sem höfðar til áhuga barna?, eitthvað sem örvar þroska þeirra? Hvað er það sem þau vilja sitja við, rannsaka og skoða? Hvað bjóðum við börnum uppá, höfum við spurt þau hvaða efnivið þau vilja hafa og hvar?¹²⁰ Það sem átt er við er að skapa þarf aðstæður með greiðum aðgangi að efnivið sem höfðar til áhuga barna, svo þau haldi athygli sinni og einbeitingu.

Í rannsókn sem Nordin-Hultman gerði í enskum og sænskum leikskólum kemur fram hvernig mismunandi umhverfið hefur áhrif á leik og nám barna, hvernig börn una sér í ólíku umhverfi. Nordin-Hultman bendir á að efniviðurinn sem var aðgengilegur börnum

114 Dewey. 2000:71-74

115 Thorbergson. 2007: 25-28

116 Thorbergson. 2007: 17; Rinaldi. 1999:8-9

117 Mylesand. 2007:65-66

118 Sesselja Hauksdóttir. 2008

119 Thorbergson. 2007: 19-23

120 Åberg og Taguchi. 2005:30-31

í sænsku leikskólunum voru hlutir eins og spil, litir, pappír og skæri. Efniviðurinn náði ekki að fanga athygli barnanna. Hann kallaði á hlutleysi, ærsl og hamagang hjá börnunum, þ.e. útrás fyrir grófhreyfingar innanhúss á meðan slíkt þekkist ekki í ensku leikskólunum. Nordin-Hultman bendir á að í enskum leikskólum hafi mátt sjá sem dæmi bala með vatni og annan með sandi, verkfæri hvers konar og áhöld, málaratrömur, málningu og liti allt í sama rýminu, s.s. fjölbreyttan efnivið. Leikskólakennararnir hafi gætt þess að þegar börnin komu í leikskólann gátu þau gengið að efniviðnum tilbúnum til að vinna úr, hann var fallega uppsettur og kallaði á að bæta við og leika sér með áfram.¹²¹

3.4.4 Rými í rýminu

Umhverfi sem á að höfða til barna þarf samkvæmt Anderson og fleiri að bjóða upp á fjölbreytta möguleika þannig að allir geti fundið sér viðfangsefni við hæfi. Má þar t.d. nefna mörg leiksvæði innan sama rýmis sem leið til þess að ólíkir einstaklingar finni viðfangsefni við hæfi.¹²² Með mörgum leiksvæðum innan sama rýmis er átt við að börn hafa um mörg svæði að velja, svæði með mismunandi efnivið, má þar nefna svæði eins og kubba-, leir- og listasvæði. Leikskólakennarar geta skipt rýminu upp með því að nota til dæmis hillur, borð, gardínur, hengi og margskonar annan efnivið sem skilrúm.¹²³ Skipulag rýmisins á að endurspeglar tilgang þess með einu augnatilliti,¹²⁴ sem dæmi á listasvæðið ávallt að vera tilbúið þannig börnin geti gengið að efniviðnum vísun á ákveðnum stöðum.

Umhverfi sem mætir þörfum allra jafnt er umhverfi sem gerir barninu kleift að velja sér viðfangsefni út frá eigin áhugahvöt. Hjá Kennedy kemur fram að umhverfið á að vera skipulagt þannig að börnin geti unnið hvort sem er saman í hópi eða eitt með sjálfum sér. Það sem átt er við er að viðfangsefnið þarf að gefa möguleika á að efla félagsþroska og byggja upp vinasambönd.¹²⁵ Dewey nefnir að í vel skipulögðum leikskóla hagi

121 Nordin-Hultman. 2005: 76

122 Anderson. 2004:55; Armstrong. 2000:79-81

123 Anderson. 2004:55; Armstrong. 2000:79-81

124 Nielsen og Kvale. 2006:129

125 Kennedy. 2004:7

leikskólakennarar kennslunni þannig að þeir þurfi sem sjaldnast að beita aga.¹²⁶ Að okkar mati er þetta heillandi mynd af leikskólastarfi og sýnir að það er borin virðing fyrir börnum og leikskólanum sem vinnustað þeirra.

Rinaldi segir um rýmið að það hafi sitt eigið mál sem endurspeglir áherslur leikskólans. „Rýmið endurspeglar okkur, en við endurspeglum einnig rýmið,“ segir Rinaldi.¹²⁷ Það sem átt er við er að með skipulaginu er hægt að sjá hvar áhersla leikskólans liggur, sem dæmi mætti spyrja sig hvort púðaherbergi sé ómissandi fyrir hreyfileiki? Wallin telur að þar sem púðaherberginu er breytt í vísindaherbergi, sé áherslan á að skapa spennandi og innihaldsríkt umhverfi fyrir börnin þar sem þau fást við hluti sem fleyta þeim áfram í þroska. Það sé í verkahring leikskólakennara að bjóða börnum að taka þátt í að skapa umhverfi sem þau hafa áhuga á að leika og starfa í.¹²⁸ Leikskólar sem vinna í anda Reggio nota umhverfið sem námsleið fyrir börnin, slíkur leikskóli tekur vísindaherbergið fram yfir púðaherbergið því litið er á að útiumhverfið bjóði upp á möguleika til grófra hreyfileikja. Að mati Wallin hafa til dæmis púðaherbergi litla þýðingu, þau séu hávaðasöm, erfð og full af sveittum og æstum börnum, hún telur mun hagstæðara að þjálfa grófhreyfingar úti í fersku lofti.¹²⁹

Þess má einnig geta að gott samspil milli inni- og útisvæða, skapar möguleika fyrir börnin til að fylgjast með náttúrunni þó svo þau séu inni og öfugt að fylgjast með því sem fer fram inni þó þau séu úti.¹³⁰ Næst ætlum við að fjalla um útiumhverfið sem hluta af rými leikskólans.

3.4.5 Útiumhverfi

Þegar myrkrið lykur jörðina og byrgir okkur sýn. Þá festir Guð stjörnur um allan himininn, til þess að lýsa okkur mönnum. (Kristjana Emíla Guðmundsdóttir. 1998:61)

Í útiveru læra börnin fyrst og fremst í frjálsum leik, í *Aðalnámskrá leikskóla* segir „Leikir barna mótast af hugmyndaauði þeirra og sköpunarmætti, þ.e. hæfni til að sjá

126 Dewey. 2000:64-65

127 Áberg og Taguchi. 2005:27-34; Taguchi. 1999:8

127 Wallin. 2003:88

128 Wallin.2003:88

129 Wallin.2003:88

130 Branzi, A., C. Rinaldi, V. Vecchi o.fl. 2001:41

ný tengsl, að koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri.¹³¹

Bæði Thorbergson og Kennedy minna á að útisvæðið er stór hluti af umhverfi leikskólans og að ekki megi gleyma að taka það með í reikninginn þegar talað er um umhverfið sem þriðja kennarann.¹³² Fjörtóft gerði rannsókn fyrir nokkrum árum á því hvernig börn í leikskólum nota útileiksvæðið. Rannsóknin sýnir að börnum líkar í umhverfi sem bíður uppá að þjálfa grófhreyfingar, að geta hlaupið í grasi, klifrað í trjám og að geta falið sig inni í runnum.¹³³ Armstrong telur það er einnig gott að geta gefið börnum kost á því að fara í vettvangsferðir og umgangast lifandi verur.¹³⁴ Þetta svarar til þess sem segir í *Aðalnámskrá leikskóla*. „Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Utan dyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll...“¹³⁵ Nilsen, Vestre og Askim telja að líta megi svo á að útileiksvæðið sé stærsta rýmið í leikskólanum, þar séu möguleikar á annarskonar námi en tækifæri gefast til innandyrna. Samspil náttúrunnar gefi óendanlega möguleika til náms, t.d. með upplifun barnsins í gegnum skynfærin.¹³⁶

3.4.6 Skynjun

Það er sagt að húðin sé stærsta skynfæri mannlíkamans, næm á hita og kulda, sárauka, snertingu og þrýsting.¹³⁷ Með áherslu á þjálfun skynfæranna, eykst sjálfsvitund barna, ásamt trú þeirra á eigin getu.¹³⁸ Í gegnum húðina, augu, eyru, nef og alla hreyfingu líkamans má læra margt. Vindur, snjór og vatn gefur til dæmis mótstöðu á hreyfinguna og það er öðruvísi að finna rigningu á andlitinu en að upplifa snjóinn bráðna í höndunum.¹³⁹ Börn hafa hundrað mál og meðal þeirra er lyktarskyn og tilfinningar, leikskólakennarar geta spurt börn ótal opinna spurninga sem vekja þau til umhugsunar,

131 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:12

132 Thorbergson. 2007:117; Kennedy.1999:134

133 Thorbergson. 2007:117-118

134 Armstrong. 2000:81

135 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:23

136 Nilsen, Vestre og Askim. 1996:135

137 Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. 2005:363

138 Berglind Káradóttir, Jenný Borgedóttir, Lilja Kristjánsdóttir.[o.fl.]. 1994-1995:4-6

139 Thorbergson. 2007:117-118

Það er hins vegar upplifunin sem barnið lærir mest af.¹⁴⁰ Það er til dæmis hægt að skoða og upplifa umhverfi sitt í mismunandi veðri, í rigningu verður umhverfið öðruvísi en í sól, það skiptir um lit og lögun, hljóðin í umhverfinu breytast og verða allt önnur.¹⁴¹ Wallin bendir á að möguleikarnir séu óendanlegir, því raunveruleiki barna sé annar en fullorðinna, börn geti frekar tjáð innri upplifun sína af náttúrunni ef þau fái að prófa og skynja.¹⁴²

Úti jafnt og inni ætti að vera hægt að nálgast ólíkan efnivið til listsköpunar og rannsókna, efnivið sem gefur ólík skynáhrif og örvar ímyndunaraflid.¹⁴³ Efniviðurinn ætti einnig að vera aðgengilegur og freistandi.¹⁴⁴ Við erum sammála þessu og teljum að leikskólakennarar ættu að nota umhverfið vel, nota náttúruna og efnivið hennar á sem fjölbreyttastan hátt.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir „Skapandi barn er næmt á umhverfið og umhverfið frjövgar hug þess. Það hefur áhuga á því smáa, á áferð, lögun og litum.“¹⁴⁵ Dewey talaði um að læra af því að framkvæma „*learning by doing*“ að hafa frelsi til að takast á við hlutina er mikilvægt, geta gert mistök og prófað aftur takast það og undrast yfir eigin getu.¹⁴⁶ Við teljum að allt sé þetta lærdómur sem er dýrmætur hluti af því að upplifa náttúru. Útisvæðið er tilvalinn staður til grófhreyfinga og upplifana í gegnum skynfæri og reynslu. Að læra af reynslunni í tengslum við náttúruna er tækifæri sem leikskólakennarar ættu ekki að láta framhjá sér fara.

140 Wallin. 2003:61; Branzi, A., C. Rinaldi, V. Vecci o.fl. 2001:85

141 Malaguzzi. 1996:80

142 Wallin. 2003:61

143 Lundahl. 2008:48; Kennedy. 1999:135

144 Lundahl. 2008:48

145 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:12

146 Wallin. 2003:61

4 Lýðræði

Í þessum kafla fjöllum við um lýðræði í leikskólum en það teljum við vera einn þátt sem einkennir starfsaðferðir Reggio. Við munum fjalla um hvað einkennir lýðræðislegt starf í leikskólum.

4.1 Lýðræði í leikskóla

Siðgæðisvitund samfélags byggist á einstaklingum sem virða og viðurkenna grundvallarreglur lýðræðis eða algild sannindi, ekki vegna þess að þeir neyðast til þess vegna ytri þrýstings heldur vegna þess að þeir eru sannfærðir um að grundvöllurinn sé sannur og traustur.
(Diane Gossen. 2002:16)

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir „Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Það skal taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Ræða þarf við barnið um ýmis áform sem varða það og um áhugamál þess. Það þarf að finna að tillit sé tekið til óska þess og álits.“¹⁴⁷ Moss bendir á að upphafið að lýðræðislegum vinnubrögðum, sé að breyta hugsunarhættinum, þ.e. hvernig hugsað er um leikskólann sem hluta af lýðræðislegu umhverfi, hugsa um hver þáttur barna er í ákvarðanatöku. Er t.d. hlustað á það sem börnin hafa fram að færa og eru skoðanir þeirra virtar?¹⁴⁸ Við teljum að æskilegt væri að hlutur barna í leikskólastarfinu ætti að vera þó nokkuð mikill. Erum við meðvituð um hver hann er? og hvað býr í lýðræðinu?

Kristín Dýrfjörð nefnir, að í anda Dewey skilgreini hún lýðræðið sem samfélag fólks sem búi yfir „sameiginlegum skilningi og trausti og sem trúir á rétt hvernar manneskju til að tilheyra og taka þátt í sameiginlegum skuldbindingum.“ Svipað kemur fram hjá Nielsen og Kvale.¹⁴⁹ Lýðræði er mikilvægt í nútímasamfélagi og að mati Lindahl er áriðandi að börn sem alast upp í lýðræðislegu lærdómssamfélagi og upplifi lýðræði í leikskólanum.¹⁵⁰

147 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:16

148 Moss 2007:13/17

149 Kristín Dýrfjörð. 2006:2; Nielsen og Kvale. 2006:126

150 Lindahl. 2005:34

Leikskólar með lýðræðisleg vinnubrögð leggja áherslu á sjálfstjórn, sjálfstæði og vináttu. Í slíkum leikskólum, hafa börn mörg tækifæri til að taka ákvarðanir, til að kanna og til að framkvæma.¹⁵¹ Bæði Kristín Dýrfjörð og Lindahl telja að í leikskóla eigi börn að fá tækifæri til að taka þátt í að móta starfið og vera virkir þátttakendur í daglegum athöfnum, þær taka undir með Dewey og Fröbel sem benda á að börn læri best með því að framkvæma.¹⁵² Samkvæmt Moss er í lýðræðislegu umhverfi litið þannig á að barnið sé sérfræðingur í eigin lífi og það hafi skoðanir sem eru þess virði að á þær sé hlustað, það er haft með í ákvarðanatökum.¹⁵³ Þetta er í samræmi við það sem Guðrún Alda Harðardóttir telur að einkenni leikskólastarf í anda Reggio, þar er „litið [er] á barnið sem heild og að það sé aðalpersónan í námi þess.“¹⁵⁴

Að ganga í leikskóla felur í sér að vinna með öðrum og vera virkur samfélagsþegn og leggja sitt að mörkum. Því að í leikskóla læra börn að safna að sér reynslu sem nýtist þeim til að verða ábyrgir þjóðfélagsþegnar, sem læra að taka ábyrgð á eigin gjörðum.¹⁵⁵ Vygotsky sagði að hlutverk leikskólakennara væri að styðja við hugmyndir barna og gera þau ábyrg fyrir eigin menntun með því að leiða þau áfram til frekari lærdóms á þeirra eigin forsendum.¹⁵⁶ Hann sagði að lærdómur byggðist á fyrri reynslu og það væri leikskólakennaranna að nýta þá reynslu barna við áframhaldandi nám. Samkvæmt Vygotsky eru leikskólakennarar mikilvægir til að brúa bilið á milli þess sem þegar er vitað og þess sem framundan er s.s. reglur samfélagsins og aðrar mikilvægar upplýsingar.¹⁵⁷ Cuffaro bendir einnig á að börn eru sérfræðingar í að skynja hvort að hinir fullorðnu hafi áhuga á að heyra spurningar þeirra og hvað þau hafi fram að færa.¹⁵⁸ Við teljum að leikskólakennarar ættu að hafa það hugfast að það sé á þeirra ábyrgð að skapa börnum sem best menntaskilyrði þar sem að framtíðin býr í börnum nútíðarinnar.

Á heimasíðu Unicef segir um rétt barna og þátttöku: „Það er oft sagt að börn og unglingar séu framtíðin. En því miður er það oft þannig að það gleymist að leita eftir

151 Kristín Dýrfjörð, Fumat, Kuscer og Andersen. 2004:9

152 Kristín Dýrfjörð. 2006:2; Lindahl. 2005:40

153 Moss 2007:13/17

154 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:58

155 Kristín Dýrfjörð. 2006:2

156 Berk og Winsler. 1995:118-119

157 Penn. 2005:42

158 Cuffaro. 1995. 103-104

sjónarmiðum barna eða þeim ýtt til hliðar þegar móta á stefnu hinna ýmsu málaflokka.¹⁵⁹ Cuffaro bendir á að ekki megi horfa framhjá því að börnin eru beint eða óbeint þátttakendur í því þjóðfélagi sem þau búa í og mótist óhjákvæmanlega af því.¹⁶⁰ Samkvæmt því ættu börn að fá að taka virkan þátt í starfi og skipulagningu sem varðar þau. Það er hægt með því að hlusta á skoðanir barnanna og hugmyndir sem síðan er hægt að meta og ígrunda með þeim.

Wallin bendir á að mikilvægt sé að ólík sjónarmið fái að koma fram, að allar raddir fái að heyrast. Hún telur að efinn þurfi að fá að njóta sín og hugmyndir allra séu jafn réttháar. Wallin og Rinaldi segja að nám í anda Reggio sé lýðræðislegt þar sem fjölskyldan og leikskólinn komi saman að mótun starfsins, því sé hlustað á raddir allra.¹⁶¹ Dewey sagði að það væri dýrmætt að rökræða og það skapar fleirum tækifæri til betra og innihalds ríkara lífs. Með þessu móti ættu allir að geta lifað saman á lýðræðislegum grundvelli,¹⁶² námið á að vera ánægjulegt, bæði fyrir börn og fullorðna og það þarf að hafa hugfast að manneskjan lærir í samskiptum sínum við aðra þessi samskipti eru mikilvæg og hver og einn á rétt á að vera þátttakandi.¹⁶³ Með það í huga skulum við athuga hvað er sagt um réttindi barna.

Í 12. og 13. gr. Barnasáttmála *Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr.18/1992 segir:

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.... Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Af þessum orðum má sjá að það ber að virða rétt barna til málfrelsis og tjáningar, með hvaða hætti sem er, án tillits til aldurs.

159 Heimasíða Unicef

160 Cuffaro. 1995:104

161 Rinaldi. 2006:140-141; Wallin. 2003:115

162 Dewey. 2000:44-45

163 Wallin. 2003:115

Að okkar mati telst lífsleikni til lýðræðislegra vinnubragða og í henni þarf einnig að fylgja reglum. Í *Aðalnámskrá leikskóla*, frá árinu 1999 á blaðsíðu 16 segir:

Lífsleikni felst m.a. í því að virða reglur. Leikskóli skal setja reglur sem gilda eiga í barnahópi og skýra tilgang þeirra fyrir börnum. Eðlilegt er að eldri börn taki þátt í að setja sumar reglur í barnahópi og ræða þær. Er það vísir að lýðræðislegum vinnubrögðum sem börn þurfa smám saman að temja sér. Styðja þarf börn í að virða settar reglur og gefa þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt. Samskipti í leikskóla þurfa að vera með þeim hætti að allir virði rétt annarra.

4.1.1 Reglur og lýðræði

Dewey segir reglur vera allstaðar, þær hafi mótast af samfélaginu í gegnum tíðina, bæði með hefð og fordæmum. Að mati hans þarfnast börn reglna, sem dæmi er keppnisleikur án reglna ekki keppnisleikur því reglurnar eru hluti af leiknum, aðrar reglur merkir annar leikur.¹⁶⁴ Wallin bendir m.a. á að sumar reglur í daglegum samskiptum séu álitnar sjálfsagðar, til dæmis eru allir sammála um að það má ekki bíta, kasta steini eða slá.¹⁶⁵ Það er mikilvægt að trúá á börnin, gefa þeim tíma til að takast á við verkefni, til að finna sér leikfélaga eða gera út um ágreiningsmál sem upp kunna að koma. Of oft er búið að grípa inni ágreining milli barna, áður en þau hafa fengið tækifæri að leysa úr honum sjálf. Karlson telur að hlusta eigi eftir bæði yrtum og óyrtum skilaboðum barna.¹⁶⁶

Okkar skoðun er að vinna í anda Reggio efli lýðræði á meðal barna, og milli barna og leikskólakennara. Starfsaðferðin gerir ráð fyrir að leikskólakennararnir hlusti á börnin, en líka að börnin hlusti á sjónarmið hvors annars og leikskólakennara. Með skráningum og rökræðum við börn, ættu sjónarmið allra að eiga möguleika á að komast á framfæri.

164 Dewey. 2000:62-63

165 Wallin. 2003:57

166 Karlson. 2004.98/101

5 Aðferðafræðin

Til að svara rannsóknarspurningunum okkar: „Hvað er stöðvavinna í leikskólum?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“ beittum við eigindlegum rannsóknaraðferðum. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem við beittum, hvernig að gagnöflun var staðið, hvernig úrvinnslu var háttað og sagt frá vali á þátttakendum og leyfum.

Í gagnasöfnun fyrir ritgerðina settum við saman tvo rýnihópa. Þátttakendur voru leikskólakennarar úr leikskólunum Marbakki í Kópavogi og Stekkjarási í Hafnarfirði, sex úr hvorum leikskóla. Einnig tókum við viðtal við Önnu Lindu Nesheim leikskólakennara í Stokkhólmi. Það gerðum við í ljósi þeirra niðurstaðna sem komu fram í rýnivíðtölunum. Þær niðurstöður bentu til þess að með því að tala við Önnu Lindu þá væri ef til vill hægt að fá nánari og dýpri upplýsingar um stöðvavinnu. Þar sem í ljós kom að hún var sú sem kynnti stöðvavinnuna sem nýja starfsaðferð í báðum þessum leikskólum.

5.1 Eigindleg aðferðafræði

Eigindlegir rannsakendur eru ekki ágengir eða þvingandi; gildi þekkingarinnar veltur á samhengi og notkun þekkingarinnar. (Hall og Hall. 2004:103)

Í þessari ritgerð er notast við eigindlega aðferðarfræði til að nálgast viðfangsefnið. Eigindleg aðferðafræði er skilgreind sem aðferð sem notuð er til að fá fram nánari skoðanir og/eða álit einhvers afmarkaðs hóps, eins og t.d. upplifun fólks á sérstökum atriðum í lífi og starfi. Sigurlína Davíðsdóttir telur að í eigindlegum rannsóknum sé m.a. verið að leitast við að ná fram skoðunum og viðhorfum einhvers tiltekins hóps með því að safna saman margvíslegum gögnum sem varða þennan hóp. Í þeim tilgangi að fá fullnægjandi svör, helstu leiðir eru viðtöl og vettvangskannanir.¹⁶⁷ Samkvæmt Maxwell

167 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

er þátttakendum í eigindlegum rannsóknum yfirleitt skipt upp í litla hópa, þar sem sjónarhorn einstaklinganna í hópnum eru oft niðurstöður rannsóknarinnar.¹⁶⁸

Samkvæmt Sigurlínu Davíðsdóttir eru viðtöl oft besta leiðin til að kanna afstöðu einhvers afmarkaðs hóps. Einnig segir Sigurlína að til þess að fá fram sem flest sjónarhorn þurfi að kanna viðhorf sem flestra.¹⁶⁹ Því völdum við þá leið að velja nokkuð breiðan hóp þátttakenda, hóp sem hafði tekið þátt í að innleiða stöðvavinnu í leikskólunum hjá sér.

Hjá Hall og Hall kemur fram að eigindlegir rannsakendur verði að vera góðir í að hlusta, þeir þurfa að geta fylgt athugasemdum og viðhorfum sem koma frá hópnum, á meðan þeir tryggja að allar rannsóknarspurningarnar verði ræddar á einhverju stigi viðtalsins.¹⁷⁰ Til að tryggja að sem flest kæmi fram í umræðunum í rýnihópunum sátum við báðar í báðum rýnihópunum við töldum að með því hafi fátt átt að fara framhjá okkur.

5.2 Rýnihópar

Krueger bendir á að rýniviðtöl henta vel þegar þarf að fá fram almenn viðhorf tiltekins hóps.¹⁷¹ Ef vel er að staðið kemur fram í rýniviðtölum, að mati Sigurlínu Davíðsdóttur, viðhorf, reynsla og viðbrögð hópsins við kostum og göllum á til dæmis nýjum kennsluaðferðum.¹⁷² Þar sem segja má að stöðvavinna í leikskóla sé ný kennsluaðferð leikskólakennara á vel við að setja saman rýnihópa þeirra sem þátt tóku í að innleiða aðferðina og gefa þeim kost á að ígrunda kosti hennar og galla.

Að mati Sóleyjar Bender er tilgangur rýnihópa yfirleitt að kanna efni sem oft er lítið til um og þessi leið gefur fólki tækifæri á að tala saman og læra af umræðunni.¹⁷³ Stærð rýnihópa skiptir máli, þeir þurfa að vera nógu stórir til að fá álit sem flestra í ljós en ekki

168 Maxwell. 2005:22

169 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:99

170 Hall og Hall. 2004:120

171 Krueger. 1994:185

172 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:111

173 Sóley S. Bender. 2006:165-166

það stórir að hluti þátttakenda tjái sig ekki,¹⁷⁴ góð stærð hóps er yfirleitt fjórir til tólf einstaklingar í hóp.¹⁷⁵ Við völdum að hafa 6 í hvorum hóp.

Rýniviðtöl fara þannig fram að rannsakandi er t.d. búinn að semja fyrirfram ákveðnar spurningar sem leggja á fyrir hópinn og síðan eru þær ræddar. Umræður í rýnihópum taka yfirleitt alltaf á sig aðra mynd en gert var ráð fyrir í upphafi, sem dæmi reynist kannski nauðsynlegt að spyrja spurninga sem eru neðarlega á listanum fyrr en áætlað var vegna þess hvernig umræðan í hópnum hefur þróast.¹⁷⁶ Umræður rýnihópa stjórnast ekki eingöngu út frá rannsakanda til hópsins, heldur talar hópurinn einnig saman sín á milli.¹⁷⁷ Sigurlína Davíðsdóttir talar um að gott sé að hafa viðmælendur í rýnihópum í svipuðum stöðu í þjóðfélaginu, þannig fáist oft betri umræður í hópnum. Hún segir einnig að ef það sé mikill stéttamunur í hópnum þá geti það leitt til þess að þeir sem lægra eru settir komi ekki með sínar skoðanir og álit og geti jafnvel orðið fjandsamir.¹⁷⁸ Við völdum því að hafa einungis leikskólakennara í rýnihópum þessarar rannsóknar.

Að taka viðtöl augliti til auglitis við einhvern afmarkaðan hóp fólks gefur rannsakanda tækifæri á að kafa djúpt ofan í viðfangsefnið, dýpra en hægt er að fara með venjulegum spurningarlista. Þó svo þessi gagnasöfnun sé tímafrek þá gefur hún samt öllum tækifæri á að vera með eins og t.d. þegar viðmælendur skilja ekki spurningar á blaði og geta jafnvel ekki lesið þær þá virkar þessi aðferð mun betur og hún gefur líka mikið af góðum upplýsingum.¹⁷⁹

5.3 Sínaviðtal

Í ljósi þess að við ákváðum að taka viðtal við Önnu Lindu og hún býr erlendis varð viðtalið að fara fram í gegnum síma. Sigurlína Davíðsdóttir segir að sínaviðtöl þurfi að vera stutt og vegna þess að spyrjandinn eigi ekki gott með að ná sambandi við þann sem hann er að tala við verði spurningarnar oftast lokaðar. Æskilegt er að spurningarnar séu

174 Hall og Hall. 2004:121

175 Sóley S. Bender. 2006:165

176 Sóley S. Bender. 2006:166-167

177 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:111; Sóley S. Bender. 2006:165-167

178 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:111

179 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:108-109

stuttar svo að þær skiljist auðveldlega.¹⁸⁰ Með þetta í huga ákváðum við að taka viðtalið við Önnu Lindu í gegnum *Skype*, þar er hægt að horfa á viðmælandann meðan á samtali stendur. Það að taka viðtöl augliti til auglitis gefur rannsakanda tækifæri á að kafa djúpt ofan í viðfangsefnið, dýpra en hægt er að fara með venjulegum spurningarlista.¹⁸¹

5.4 Gagnaöflun

Gagna var aflað með viðtali og umræðum í tveimur rýnihópum, einum í hvorum leikskóla. Umræður rýnihópanna fóru fram í febrúar 2008. Umræður hvors hóps tóku um það bil klukkutími. Viðtal við Önnu Lindu fór fram í apríl 2008 og tók um það bil klukkutíma. Samkvæmt Hall og Hall geta rýniviðtöl verið allt upp í níutíu mínútur en eiga helst ekki að vera lengri. Einnig segja þeir að oftast sé hópunum boðið upp á annað hvort veitingar eða að þeir fá peningagreiðslu fyrir þátttökuna.¹⁸² Við kusum að bjóða þátttakendum upp á smá veitingar, súkkulaði og gosdrykk.

Stundum eru þátttakendum í rýnihópum sendar spurningarnar fyrirfram, en við völdum að gera það ekki, en voru búnir að upplýsa viðmælendur um tilgang umræðnanna. Ástæða fyrir því að við völdum þessa leið var að við vildum ekki að þátttakendur væru búnir að mynda sér skoðun fyrirfram á því sem átti að ræða. Með því að senda ekki spurningarnar fyrirfram til þátttakenda töldum við okkur geta náð fram fyrstu hughrifum þeirra, það er það sem stóð upp úr í þeirra huga.

Við undirbjuggum okkur með því að semja spurningar sem við vildum fá svör við, en ákváðum jafnframt að láta viðtölin flæða. Það er við fylgdumst með samræðum hópanna og spurðum spurninganna eftir því sem við átti. Spurningarnar sem leitað var svara við eru:

- 1) Hvert var upphafið?
- 2) Af hverju kusuð þið að byrja að vinna eftir þessu fyrirkomulagi?
- 3) Hvað er stöðvavinna?
- 4) Hvað er mikilvægt að hafa í huga í stöðvavinnu?
- 5) Hverjir eru kostir stöðvavinnu?
- 6) Hverjir eru gallar stöðvavinnu?
- 7) Hvernig meta kennararnir staf sitt?

180 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:107

181 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:107-109

182 Hall og Hall. 2004:121

8) Hvernig sjáið þið [leikskólakennararnir] stöðvavinnuna í framtíðinni?

Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki og afrituð eftir á orð fyrir orð. Hall og Hall tala um að nauðsynlegt sé að nota upptökutæki í viðtölum því að með þeim getum við verið vissar um að hafa fengið svör við öllum spurningunum. Upptökutæki gera einnig rannsakendum kleyft að fylgjast betur með umræðum hópanna.¹⁸³

5.4.1 Leyfi

Við höfðum í huga áður en viðtölin fóru fram að þegar unnið er með persónulegar upplýsingar þarf að fá leyfi frá persónuvernd.¹⁸⁴ Við sendum inn tilkynningu til persónuverndar og sóttum um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga til að afla gagna fyrir þessa ritgerð. Þar kemur fram að þátttakendur í rýnihóp munu ekki koma fram undir nafni og ekki verði hægt að greina hver er hvað og að gögnum er eytt að notkun lokinni. Við fengum leyfi frá leikskólastjórum beggja leikskólanna að nefna leikskólana með nafni. En leikskólarnir eru Marbakki og Stekkjarás, eins og áður hefur komið fram. Einn þátttakandi er nafngreindur það er Anna Linda Nesheim sem gaf leyfi sitt fyrir því að birta nafnið hennar hér í ritgerðinni, þar sem erfitt hefði verið að leyna henni, sökum sérstöðu hennar.

5.4.2 Val á þátttakendum

Viðmælendur okkur voru tólf leikskólakennarar úr tveim leikskólum á höfuðborgarsvæðinu, 6 frá Marbakka og 6 frá Stekkjarás. Í báðum leikskólunum er starfað í anda Reggio Emilia leikskólastarfs. Unnið hefur verið að því að breyta starfsaðferðum beggja leikskólanna í þá átt að vinna eftir stafsáðferð sem þeir kalla *stöðvavinnu í anda Reggio*. Ástæðan fyrir því að við völdum tvo leikskóla var sú að við töldum að við myndum fá betri sýn á starfsáðferðina með því móti.

Einnig tókum við viðtal við Önnu Lindu Nesheim sem starfar í leikskóla í Stokkhólmi sem beytir starfsáðferðum í anda Reggio. Þar kynntist hún hvernig staðið er að leikskólastarfi og framþróun þess í anda Reggio eins og það er unnið í Stokkhólmi. Við tókum viðtal við hana í ljósi þeirra niðurstaðna sem komu fram í rýniviðtölunum. Þær

183 Hall og Hall. 2004:123; Sóley S. Bender. 2006:166

184 Sóley S. Bender. 2006:169

niðurstöður bentu til þess að með því að tala við Önnu Lindu væri ef til vill hægt að fá nánari og dýpri upplýsingar um stöðvavinnu. Þar sem í ljós kom að hún var sú sem kynnti stöðvavinnuna sem nýja starfsaðferð í báðum þessum leikskólum.

5.4.3 Bakgrunnur viðmælenda

Hér verður gerð stutt grein fyrir bakgrunni þátttakenda.

Marbakki: Þátttakendur eru 6 leikskólakennarar frá leikskólanum Marbakka í Kópavogi. Leikskólinn sem hóf starfsemi sína árið 1986, er staðsettur í íbúðarhverfi en samt niður við sjó, deildir leikskólans eru þrjár. Uppeldislegt starf byggir á vinnuaðferðum sem koma frá Reggio Emilia á Ítalíu. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að leitast er við að vinna með verkefni sem höfða til reynsluheims barnanna og áhugasviðs þeirra. Í framhaldi af því var tekin sú ákvörðun haustið 2006 að taka upp stöðvavinnu sem starfsaðferð innan leikskólans.¹⁸⁵

Stekkjarás: Þátttakendur eru 6 leikskólakennarar frá leikskólanum Stekkjarási, Hafnarfirði. Leikskólinn stendur í útjaðri íbúða hverfis, með útisýni til fjalla og sjávar. Leikskólinn hóf starfsemi sína 2004, með því að opna fjórar af átta deildum sínum, ásamt þjónusturými sem og helming lóðar. Seinni helmingur skólans var svo kominn í gagnið fyrri hluta árs 2005 og þar með var leikskólinn orðinn einn af stærstu leikskólum landsins, átta deildir. Haustið 2006 var tekin sameiginleg ákvörðun af starfsmannahópnum, að aðaláhersla uppeldisstarfsins yrði samkvæmt þeirri uppeldissýn sem er í leikskólum Reggio Emilia, í framhaldi af því hófst vinna við stöðvavinnu.¹⁸⁶

Anna Linda Nesheim útskrifaðist frá Háskólanum á Akureyri sem leikskólakennari árið 2004. Hún starfaði um tíma í leikskólanum Marbakka en starfar nú í leikskóla í Stokkhólmi, þar sem starfað er í anda Reggio. Þar kynntist hún vinnuaðferðinni sem hefur verið kölluð stöðvavinna hér á landi. Anna Linda kom til Íslands og hélt fyrirlestra um þessa vinnuaðferð haustið 2006. Ástæðan fyrir því að við tókum viðtal við hana var vegna niðurstaðna sem komu fram í rýnivíðtölunum. Þær niðurstöður bentu til þess að með því að tala við Önnu Lindu væri ef til vill hægt að fá nánari og dýpri upplýsingar

185 Leikskólinn Marbakki. c

186 Leikskólinn Stekkjarás

um stöðvavinnu. Þar sem í ljós kom að hún var sú sem kynnti stöðvavinnuna sem nýja starfsaðferð í báðum þessum leikskólum.

5.5 Greining gagna

Til að greina gögnin sem við öfluðum notuðum við eigindlega aðferðafræði. Í eigindlegum rannsóknum er m.a. verið að leitast við að ná fram skoðunum og viðhorfum einhvers tiltekins hóps með því að safna saman margvíslegum gögnum sem varða þennan hóp. Í þeim tilgangi að fá fullnægjandi svör, helstu leiðir eru viðtöl og vettvangskannanir.¹⁸⁷ Við gagnagreininguna hlustuðum við á viðtölin, drógum saman gögnin og flokkuðum þau eftir því hvernig þau pössuðu við spurningarnar. Eftir að hafa tekið saman og greint niðurstöður rýnihópa töldum við þörf á að taka viðtal við Önnu Lindu. Við töldum að með því fengjum við ef til vill nánari og dýpri upplýsingar um stöðvavinnu.

187 Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

6 Niðurstöður

Í þessum kafla gerum við grein fyrir niðurstöðum viðtalanna. Við skiptum kaflanum upp eftir spurningunum sem við spurðum þátttakendur. Þessar spurningar voru samdar með þeim tilgangi að svara rannsóknarspurningunum: „Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“

Spurningarnar sem leitað var svara við eru:

- 1) Hvert var upphafið?
- 2) Af hverju kusuð þið að byrja að vinna eftir þessu fyrirkomulagi?
- 3) Hvað er stöðvavinna?
- 4) Hvað er mikilvægt að hafa í huga í stöðvavinnu?
- 5) Hverjir eru kostir stöðvavinnu?
- 6) Hverjir eru gallar stöðvavinnu?
- 7) Hvernig meta kennararnir staf sitt?
- 8) Hvernig sjáið þið [leikskólakennararnir] stöðvavinnuna í framtíðinni?

6.1 Hvert var upphafið?

Samkvæmt því sem kom fram í umræðum leikskólakennaranna má rekja upphafið að stöðvavinnu hjá báðum leikskólunum, til þess að þeir höfðu heyrt af því að það væri eitthvað nýtt að sjá og gerast í leikskólum í Svíþjóð. Hjá Stekkjaráshópnum kom þetta fram: „Um haustið þá fengum við vitneskju um [að] það væri verið að vinna þetta [stöðvavinnu] í Svíþjóð og við fórum eitthvað að kynna okkur það“.

Marbakkahópurinn sagði það hafa verið náms- og kynnisferð leikskólakennara til Stokkhólms, sem kveikti endanlega áhuga fyrir því að breyta starfi leikskólans í átt til stöðvavinnu. Það kom fram í umræðunum að í einum af leikskólunum sem heimsóttur var hafi þær hitt íslenskan leikskólakennara, Önnu Lindu Nesheim sem þær vinnur. Þær sögðust hafa ákveðið að reyna að fá Önnu Lindu til að koma til Íslands og halda fyrirlestur um „Stöðvavinnu í leikskólum“. Það gekk eftir og þegar að leikskólakennarar í Stekkjarási heyrðu af komu Önnu Lindu og hvað stæði til sögðust þær hafa ákveðið að fá hana til að koma líka til sín með fyrirlestur um sama efni. Eins og einn leikskólakennarinn sagði: „við fréttum að Anna Linda var að fara halda fyrirlestur fyrir Marbakka og Fögrubrekku held ég... við bara báðum hana að koma og hún kom og var með okkur um morguninn...“

Aðspurð um hvert upphafið af stöðvavinnu í hennar leikskóla hafi verið, sagði Anna Linda að hún hefði frétt af þessari starfsaðferð hjá handleiðara (pedagogistu) leikskólans sem aftur hafði frétt af þessu úr öðru bæjarfélagi: „...við vorum með svona pedagogistu hjá okkur og hún var búin að heyra af þessu, þessari vinnuaðferð eða þessari hugmynd frá einu öðru bæjarfélagi og svo kom hún bara með það til okkar...“

6.2 Af hverju kusuð þið að byrja að vinna eftir þessu fyrirkomulagi?

Það kom fram í báðum hópunum og hjá Önnu Lindu að ástæða þess að þessi starfsaðferð varð fyrir valinu var að fólk vildi breytingar, vildi þróa faglega starfið áfram, annað sem þau nefndu var að vinnuaðferðir stöðvavinnunnar heillaði þau. Í Marbakkahópnum og hjá Önnu Lindu kom fram að leikskólarnir hafi unnið lengi í anda Reggio leikskólastarfs og vildu þróa það starf.

Það kom fram að áður fyrr tóku allir á Marbakka þátt í svokölluðu hópastarfi. Hjá Önnu Lindu var hins vegar hafður sá háttur á að valið var í einn grunnhóp, hin börnin á deildinni voru ekki í þeim hóp. Eins og Anna Linda orðar það þá voru hin börnin:

kannski úti eða fengu að velja sjálf ... þá kannski að kubba eða eitthvað svoleiðis en þá var bara áherslan á þennan grunnhóp ... mér fannst maður kannski vera skilja hin börnin svoldið útundan þegar þessi grunnhópur var alltaf að vinna og ekki hin, það var enginn áhersla lögð á restina af hópnum...

Þessu vildu hún og samstarfsfólk hennar breyta til þess að öll börnin gætu tekið þátt í verkefnavinnu. Leikskólakennarar frá Stekkjarási sögðu að þau væru svo nýlega farin að vinna í anda Reggio og töldu sig vanta ákveðna festu í starfið sem þeir álitu að stöðvavinna gæti veitt þeim.

Á Marbakka hefur verið unnið lengi eftir sænskri vinnuaðferð sem kallast *þemahringurinn*, leikskólakennararnir töldu að það væri erfitt að nálgast áhugsvið allra barnanna þegar unnið væri eftir þeirri hugmyndafræði. Hugsanlega ástæðu töldu þeir vera að það var kannski bara eitt sameiginlegt þema fyrir leikskólann yfir allt árið. Leikskólakennararnir voru farnir að hafa áhyggjur af því að hugsanlega væru þeir farnir að staðna í starfi og fannst því vera komin tími til að fá nýja nálgun svo að það gerðist ekki.

Það kom fram að leikskólakennararnir á Marbakka voru búnir að þróa starfið í gegnum árin. Í fyrstu hafi það verið fullorðna fólkið sem ákvað hvaða þema ætti að vinna með í leikskólanum, en smám saman hafi verið farið að vinna út frá hugmyndum barnanna. Í umræðunum kom fram að þróunin hafi falist í að hafa þemað sem valið var, hópatengt, þannig að hver hópur valdi sitt þema, það var að þeirra mati nær því að nálgast áhugasvið barnanna en áður. Einn leikskólakennarinn sagði: „Þetta er tuttugu ára þróun hún er bara fín og við höfum lært alveg heilmikið af henni, það væri glatað ef við værum enn á sama stað og árið 87 eða 88.“ Þannig að þegar þeir heyrðu um stöðvavinnu, fannst þeim tími til kominn að setja þróunarferlið af stað aftur.

Leikskólakennarar og starfsfólk Stekkjarás heillaðist svo af fyrirlestri Önnu Lindu, að þeir eins og einn þeirra orðaði það „helltu sér af fullum krafti út í stöðvavinnu“. Þeir töldu sig hafa séð leið í gegnum stöðvavinnuna til að vinna eftir starfsaðferðum í anda Reggio með skipulagðari hætti en verið hafði. Með skipulagðari hætti áttu þeir við: „fólk gat fest sig í einhvern hlut í stað þess að vera alltaf að leita, þetta var ákveðið verkfæri sem fólkið fann. Okkur vantaði eitthvað fast verkfæri og sjálfstæði til að þora að fara af stað og hafa eitthvað.“ Leikskólakennararnir töldu sig sjá að þetta væri aðferð sem gott væri að nota með öllu starfsfólki leikskólans, að þarna væri komin frábær leið til að virkja allt starfsfólkið meira í leik og starfi með börnunum. Það kom fram að með stöðvavinnunni fannst leikskólakennurunum einnig að þeir fengju meiri fræðslu um það hvernig þeir gátu unnið markvissara starf, „ég held [að] þess vegna hafi maður áður meira verið bara með frjálstan leik maður kunni ekki.“ Með þessum orðum á hann við að þeim hafi gengið illa að vinna markvisst með hugmyndir barnanna, þess vegna hafi frjálsi leikurinn verið aðalatriðið en ekki hugmyndir barnanna.

Á Marbakka var ákveðið að fara af stað í tvo mánuði til prufu og endurskoða árangurinn að þeim tíma liðnum. Að þeim tíma liðnum hafi leikskólakennarar leikskólans ákveðið að halda áfram með stöðvavinnuna. Það ákváðu þeir vegna þess að þeim líkaði vel að vinna á þennan hátt og fundu að þetta var starfsaðferð sem þeir vildu halda áfram að vinna með.

Í Stekkjarás fór ein deildinn strax að fullu í að vinna samkvæmt stöðvavinnu fyrirkomulagi, meðan aðrir tóku því rólegar og æfðu sig með því að bjóða upp á stöðvar einu sinni í viku til að byrja með. Einn leikskólakennarinn sagði: „þegar svona hugsana

breyting á sér stað í höfðinu á okkur þá tekur það okkur mislangan tíma til að æfa okkur.“ Í báðum hópum voru þátttakendur sammála um að það hefði verið gott að hver og einn hafi fengið að fara á sínum hraða, með því töldu þeir að fólkið hefði náð að byggja upp sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Anna Linda minntist ekki á neinn reynslutíma hjá þeim, hún sagði að það hefði aðeins tekið þau viku að breyta yfir í stöðvavinnu í hennar leikskóla. Hún sagði: „það var svo lítið sem að við þurftum að gera til þess að breyta, það var bara okkar hugsunarháttur meira og vinnuaðferðir“.

6.3 Hvað er stöðvavinna ?

Í báðum hópum kom fram að stöðvavinna væri leið sem hægt væri fara til að nálgast áhugasvið allra barnanna. Nefnt var sem dæmi að þegar barni finnst gaman að leira eða mála, þá geti það valið að vinna verkefni með því að fara þá leið sem það kys helst. Þegar barni finnst gaman að leira þá er hægt að nýta þann áhuga til fræðslu og náms. Þá er verið að meina, eins og sagt var, að börn hafi val um hvernig þau leysa verkefni sín eins og til dæmis þegar barni finnst gaman að leira þá geta leikskólakennararnir nýtt það í verkefni. Sem dæmi um þetta var nefnt að það er hægt að biðja barn að leira manneskju og fá það til að skoða vel alla líkamsparta og nefna þá með nafni.

Hjá hópunum kom fram að þeir telja stöðvavinnu vera áskorun fyrir börnin, þar sem þau fá tækifæri til að efla samskipti sín ásamt því að í stöðvavinnu er komið inn á allra þroskaþætti barnanna. Þeir líta á stöðvavinnu sem „verkfæri“ eða vinnuaðferð sem getur tekið á og þjálfað marga þroskaþætti í einu, það séu þeir námsþættir sem að *Aðalnámsskrá leikskóla* byggir á og leikskólarnir vinna eftir. Einn leikskólakennari í Stekkjaráasi sagði: „Maður getur leikið sér með hana [stöðvavinnuna] með því að hafa kannski eina stöð þar sem virkilega áhugasvið barnanna er [liggur]. Svo er líka hægt að hafa á móti eina stöð þar sem fínhyfiverkefni er í boði af því við viljum kannski auka það.“ Leikskólakennararnir áttu við að þeir sjá möguleika í að raða stöðvum upp eftir því sem þarfir barnanna segja til um, einnig með tilliti til þess sem börnin eru upptekin af hverju sinni.

Anna Linda segir að stöðvavinna sé rými í rýminu og að það sé skipulagið á rýminu sem skipti megin máli.

Ég sé stöðvavinnu þannig að ef að umhverfið er byggt upp, þannig að það sé rými í rýminu og mjög skilmerkilegar stöðvar eða horn, þá verði stöðvavinnan svona eiginlega til sjálfkrafa. En svo er það [leikskóla]kennarans hlutverk þá að [sjá um að]hver stöð eða hvert horn sé alltaf mjög hreint og snyrtilegt þannig að það sé alltaf mjög skýrt að það fari ekkert á milli mála hjá börnunum hvað er í gangi á hverri stöð eða hverju horni. Mjög skýr horn eða rými í rýminu ...

6.4 Hvað er mikilvægt að hafa í huga í stöðvavinnu?

Báðir hóparnir telja mikilvægt að gæta að sveigjaleika í stöðvavinnu og nefndu sem dæmi þegar fleiri börn en gengið er út frá við skipulag, velja einhverja stöð, þá skipti máli að vera sveigjanlegur og stækka stöðina svo fleiri eigi möguleika á að taka þátt. „Senda burt gömlu hugsunina þar sem allt var í röð og reglu, við þurfum að gefa atburðarásinni leyfi til að fara á annan hátt en búið var að ákveða,“ sagði einn leikskólakennari. Þetta þýðir samkvæmt leikskólakennurunum, að gera ekki ráð fyrir því að börnin sjái það sama út úr efniviðnum og leikskólakennarinn. Einn leikskólakennarinn sagði: „Kveikjurnar koma mikið örar hjá börnum þegar þau fá eitthvað efni í hendurnar, þá allt í einu sjá þau eitthvað allt annað út heldur en farið var af stað með þá kannski reynir maður svolítið að fylgja því.“

Stekkjaráshópurinn telur mjög mikilvægt að leikskólakennararnir séu meðvitaðir um barnið í sjálfum sér, þannig geti þeir betur gripið og fylgt eftir því sem börnin eru að fást við. Einn leikskólakennarinn sagði: „maður þarf svoldið að geta sleppt sér og orðið svoldið að barni til að vera spontant ... að stíga út úr hlutverki kennarans sem er að kenna og fræða og fara í hlutverk rannsakandans og vera með börnunum. Í raun erum við að láta börnin kenna okkur.“

Báðir hóparnir eru sammála um að nauðsynlegt sé fyrir leikskólakennara að vera vakandi fyrir hugmyndum barnanna, það er að þeirra mati aðalugsunin að baki stöðvavinnu, það er að hugmyndirnar að verkefnum koma frá börnunum. Með því að fylgjast með því hvar áhugasvið barnanna liggur telja leikskólakennararnir að auðveldara sé að finna hugmyndir að verkefnum. Einnig þurfi að grípa hugmyndir barnanna á lofti í verkefnavinnunni, það telja þeir að geri þeim kleift á einfaldan hátt að halda áfram með verkefni. Einnig kom fram að hægt er að grípa hugmyndir frá börnunum út frá áhugasviði þeirra þegar til dæmis börn vilja ekki leika sér með einhvern efnivið eins og kom fram í öðrum hópnum. Nefnt var sem dæmi að á elstu deild leikskólans hafi strákarnir ekki haft neinn áhuga á að leira, þar til einn af

leikskólakennurunum uppgötvaði áhuga þeirra á „Star Wars“ og fékk þá hugmynd að koma með „Star Wars“ figúrunar í leikskólann. Figúrunar voru settir sem viðfangsefni í leirstöð, „og þá völdu strákarnir leirinn og þeir gerðu frábæra hluti með leirnum“. Þetta er að þeirra mati mjög sterkur punktur í því hvernig áhugi barnanna er fundinn. Það kom fram að þessi vinnubrögð eru tilvalin leið til að þjálfa flesta ef ekki alla þroskaþætti barna, og að sveigjaleikinn sem aðferðin býður upp á, sé leið sem leikskólakennarinn geti nýtt sér til að þjálfa alla þroskaþætti barnanna í gegnum áhuga þeirra.

Stekkjaráshópurinn telur að gott skipulag sé mikilvægt í stöðvavinnunni, „þá erum við að meina að börnin og starfsmennirnir viti alltaf hvað er ætlast til af þeim.“ Leikskólakennararnir taka hins vegar fram að mikilvægt sé að skipulagið sé með sveigjanlegan ramma. Í máli þeirra kom fram að þeim finnst mikilvægt fyrir börnin að þau viti fyrirfram hvað þau eiga að gera ef þau velja að hætta í stöðvinnunni sem þau hafa valið sér. „Það er mjög mikilvægt upp á að þau börn sem eru hætt í sinni stöð fari ekki og skemmi fyrir hinum sem eru áfram í stöðvavinnunni.“ Þeir voru sammála um að einn af kostum stöðvavinnunar sé að börnin geta hætt þegar þau vilja, t.d. þau sem ekki hafa mikið úthald, þau eru ekki „þínd“ áfram.

Anna Linda er sammála þeim, varðandi gott skipulag, því að eins og fram hefur komið áður er umhverfið mikilvægur þáttur í stöðvavinnu. Anna Linda minnir á að það að hafa fallegt og heillandi umhverfi krefjist skipulags og tíma. Hún sagði:

Þess vegna skiptum við [leikskólakennararnir] svæðunum á milli okkar, [til] að sjá um. En þá held ég að þú sért kominn með svo mikinn [góðan] grunn, ef að maður er með umhverfið svona gegnum hugsað þannig að það sé alveg þælt í því mjög vel, hvað á að gerast hér, hvað viljum við að börnin sjái þegar að þau koma hingað á þessa stöð.

Að mati Önnu Lindu er mikilvægt að hafa í huga þegar vinna á í stöðvavinnu að umhverfið sé aðlaðandi bæði fyrir börn og fullorðna. Hún talar um að þar sem hún vinnur eru allir leikskólakennararnir með sitt svæði, þessum svæðum eiga þeir að halda hreinum og fallegum. Hún sagði:

Verkstæðið er stórt herbergi þar sem við erum með fimm, sex stöðvar sem að eru alltaf til og svo skiptum við [leikskólakennararnir] þeim stöðvum á milli okkar, að halda þeim gangandi. Að til dæmis í leirhorninu séu alltaf öll verkfæri á sínum stað og leirlímið sé alltaf til og [við] erum alltaf með svona leirkubba og slöngur og svoleiðis ...

Anna Linda telur nauðsynlegt að rýmið sé hreint, fallett og heillandi fyrir bæði börnin og leikskólakennaranna. Þegar vinna á stöðvavinnu er mikilvægt að mati Önnu Lindu að umhverfið sé þannig skipulagt að börnin sjá og vita til hvers er ætlast til af þeim á hverju svæði. Átt er við að allur efniviður og verkfæri séu til dæmis í hæð barnanna. Með því að hafa þennan þátt í lagi segir Anna Linda að „þá er maður að verða komin með stöðvavinnuna svona sjálfkrafa finnst mér.“

Marbakkahópurinn telur einnig að umhverfi og skipulag skipti miklu máli í stöðvavinnu, „hvernig kemur þú hlutunum fyrir í húsakynnunum, hvernig eru þau [rýmið] uppbyggð.“ Anna Linda er sammála um að þetta sé eitthvað sem hver og einn leikskóli þurfi að aðlaga sig að, þó þeir búi kannski ekki allir við kjöraðstæður.

Í stöðvavinnu er mikilvægt að samkomulag um vinnuaðferðir starfsmanna sé gott, um það er hópurinn úr Stekkjarás sammála. Sem dæmi er nefnt að sumar deildarnar taka ekki kaffitíma fyrr en stöðvavinnan er búin, þannig telja þeir meiri tíma skapast til vinnu með börnunum og enginn verði stressaður yfir því að fara í kaffi. En öðrum finnst allt í lagi að fara í kaffi og finnst nægur tími í stöðvavinnunni þrátt fyrir það. Með samkomulagi á hópurinn einnig við að þegar aðeins eitt barn velur einhverja stöðina „þá verðum við að gera okkur grein fyrir því að það er jafnmikilvæg stöð og þar sem 10 völdu sér. Ekki vera alltaf að kíkja hvað hinir eru að gera og athuga hvort eitthvað vanti þar, heldur sinna sinni stöð fyrst og fremst.“

6.5 Hverjir eru kostir stöðvavinnu?

Kostir stöðvavinnu eru augljósir að mati leikskólakennara á Marbakka sem segja stöðvavinnu skapa sjálfstæð, glöð og skapandi börn og eru það eiginleikar sem þeir vilji sjá hjá börnum. Það kom einnig fram að þeim finnst stöðvavinna gefa leikskólakennurum tækifæri á að vinna með fjölbreyttum barnahópum. Leikskólakennararnir töluðu um að þeir hafi alltaf verið að leita sér leiða til að skapa börnum umhverfi, þar sem börnin geti lært út frá áhuga sínum. Þeir segjast hafa mikla trú á að börn læri betur ef þau hafa áhuga á því sem þau eru að gera og finnst þeim þeir ná því fram með stöðvavinnunni. Einn leikskólakennarinn sagði: „Ég held að eðli mannsins, ekki síst barna, er að það sem hann hefur áhuga á það sekkur hann sér í.“

Það kom fram í umræðum annars hópsins að börn sem fara í stöðvavinnu læri út frá öllum þeim þroskaþáttum sem koma fram í *Aðalnámskrá leikskóla*. Að mati þeirra er það hægt með hvað efnivið sem er, það þarf eingöngu að ná áhuga barnanna og síðan er það leikskólakennarans að útfæra verkefnið út frá þroskaþáttunum.

Leikskólakennararnir á Marbakka, telja stöðvavinnu vera góða leið fyrir börn sem hafa t.d. skorað lágt á þroskaþrófum, eða eru ef til vill á einhverfurófi eða eiga í einhverjum erfiðleikum. Þeir tala um að það að nýta áhuga barnanna hjálpi þeim börnum sem eru með frávík eins t.d. einstaklingar sem eru með athyglisbrest. Einn leikskólakennarinn sagði: „svo hittir inn á eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt eins og ég segi stundum að þessir x einstaklingar okkar, athyglisbresturinn er ekki að þvælast fyrir þeim þá“

Leikskólakennarar í Stekkjarási telja að stöðvavinnan hafi skilað þeim miklum árangri í að vinna markvissara með uppeldisfræðilegar skráningar og að þeirra mati séu flestir innan leikskólans komnir á gott skrið með þær. Stöðvavinna er að þeirra mati gott verkfæri til að virkja kennaranna, þeir þurfi alltaf að vera með hugann opin, um t.d. hvaða efnivið á að bjóða uppá, hvað þarf að bæta eða auka við. Þeir talar um að þeim finnst sem allt starfsfólkið sé orðið meira vakandi fyrir því sem börnin eru að gera og segja. Einn leikskólakennarinn talar um að hann hafi unnið í mörgum leikskólum, en hann hafi ekki alltaf verið með hugann við það að grípa tækifærin á lofti, þetta hafi breyst: „Sú hugsun sem ríkir í leikskólanum okkar í dag, hefur verið þess valdandi að allt starfsfólkið er farið að taka eftir smáatriðum, sem það tók ekki eftir áður.“

Í umræðunum kemur fram að mikil samvinna innan leikskólans hafi skapast í kjölfar stöðvavinnunnar, einn leikskólakennarinn segir: „Starfsmenn af öðrum deildum eru farnir að koma til manns og segja frá því sem þeir sjá t.d. í útiveru“. Einn leikskólakennarinn talar um að áður en stöðvavinnan byrjaði, hafi leikskólinn verið eins og átta litlir leikskólar, í staðinn fyrir átta litlar deildir í einum leikskóla. En í dag eru allar deildarnar að vinna með svipuð markmið, „fólk er farið að tala saman á sama tungumáli, það leitar hjálpar og spyr hvort annað, skiptist meira á hugmyndum og leitast eftir að fá hugmyndir frá öðrum.“ Þessa samvinnu er ekki eingöngu að finna meðal leikskólakennaranna, þeir telja að samvinna barnanna hafi einnig aukist, samkvæmt þeim er börnunum farið að finnast samvinnan sjálfsögð.

Í fyrstu voru börnin meira að segja „ég á þetta verk, þetta er mitt“. Börnin voru ekki von að vinna sameiginlega að verkum en í dag vinna þau mikið af hópaverkefnum, hópurnir eða deildin á verkið og enginn fer með það heim. Einnig hafa verk verið lánuð á milli deilda.

Þeim finnst börnin sýna mikla samvinnu þegar kemur að því að velja stöðvar því að stundum þarf að setja fjöldatakmarkanir á stöðvarnar, „en börnin vita að þó svo ég hafi ekki komist í dag þá kemst ég á morgun.“

Anna Linda talar um bæði kosti og galla saman, vegna þess að hún telur það sem kannski kostur í einu tilfelli gæti verið galli í öðru. Hún segir frá því að áður en stöðvavinnan var innleidd í leikskólann, var valið í einn grunnhóp, í þeim hóp voru ekki öll börnin á deildinni. Með því að vinna með einn grunnhóp fannst Önnu Lindu hún vera skilja hin börnin útundan. En með tilkomu stöðvavinnunnar fengu öll börnin möguleika á að taka þátt í stöðvavinnuverkefnum á einhvern hátt og er það kostur að hennar mati. En um leið fannst henni hún missa yfirsýnina á börnin sem er galli að mati Önnu Lindu. Til að sporna við því að missa yfirsýnina, sagði Anna Linda að leikskólakennararnir hefðu sett saman einn grunnhóp sem fer í dýpri rannsóknarvinnu heldur en gert er í venjulegri stöðvavinnu. Gætt er þess að öll börnin fá tækifæri einhvertímamann á leikskólaferlinum að taka þátt í grunnhópi. Mikilar skráningar eru gerðar á verkefnavinnu grunnhópsins, en Anna Linda telur það vera galla að geta ekki skráð alla. Hún sagði:

Gallarnir gætu þá kannski verið að við náum ekki að skrá alla, þú veist það er bara þessi grunnhópur þessi kjarni, en samt er það eiginlega ekki galli því að við hugsum það þannig að á þriggja ára tímabili eins og börnin eru á eldri deildinni hjá okkur, þá fá öll börn einhvertímamann að taka þátt í svona kjarnahóp [grunnhóp] sem er mikið skráður...

6.6 Hverjir eru gallar stöðvavinnu?

Það sama kom fram hjá Marbakkahópnum og hjá Önnu Lindu, um að eftir að þau byrjuðu með stöðvavinnu hafi þau misst sýnina á barnið sem einstakling þ.e.a.s. þegar kom að foreldraviðtölum vissu leikskólakennararnir kannski lítið um einstaka þroskaþætti barnsins. Einn leikskólakennarinn sagði: „Maður er svo vanur að vera með þema, vera með sín börn ... þekkir allt og maður gat sest niður og sagt hann getur þetta og hitt ... núna getur maður það ekki, manni vantar yfirsýnina.“ En þetta er að lagast, segja þeir, því núna hefur verið sett á skipulag um að hver og einn leikskólakennari fylgist með á sínu matarborði. Skipulagið felst í því að viðkomandi leikskólakennari sér um að vinna verkefni utan stöðvavinnu, þar sem hann getur fylgst með hvernig börnin

eru stödd þroskalega séð. Hópurinn er sammála um að þegar svona kemur upp, eins og með yfirsýnina þá sé leitað leiða til lausna, „þá förum við bara og leitum leiða til að mæta þessu og við höldum að sú leið sé til, hún er að þróast.“

Hópurinn telur að einn þáttur í starfinu hefti leikskólakennaranna í stöðvavinnunni, en það eru kjarasamningar, kaffítímarnir. Einn leikskólakennarinn komst þannig að orði:

Hefðir fyrir kaffítímum hvort sem litið er á þá sem jákvæða eða neikvæða ... allir eiga jákvæða upplifun af kaffítíma en ef við horfum á þá út frá stöðvavinnunni og hvernig við viljum að stöðvavinna þróist þá er það neikvætt fyrir hana, það heftir hana gjörsamlega ... fyrir framgang stöðvavinnunnar þá er það neikvætt en við getum svosem líka horft á það að þeir séu jákvæðir fyrir stafsandann ...

Um það að brjóta upp starfið í stöðvavinnu vegna skipulags eins og matar- og kaffítímum höfðu leikskólakennararnir þetta að segja:

Ef t.d. starfsmenn myndu sleppa kaffítímum þá daga sem stöðvavinna er þá myndum við kannski ná lengri tíma í vinnuna. Þá myndu kannski matartímar ekki vera íssjú eða að við myndum ekki þurfa að fara inn á þann tíma. Við myndum vera lengur í vinnunni ef við myndum fá svigrúm til þess ... Ekki er tækifæri til að geyma verkefni vegna þess að rýmið er nýtt til að borða í. Það er ein að hömlunum sem við höfum, það er að þurfa að hafa máltíðir í sama rými og vinnan fer fram.

Að mati leikskólakennara í Stekkjarási taka matar- og hvíldartímar ásamt öðrum daglegum þáttum einnig sinn tíma og eru ekki síður mikilvægir í starfinu. Hópurinn talar um að gott sé að nýta til dæmis frjálsa leikinn til að fá hugmyndir fyrir stöðvavinnuna því í honum komi oft svo skýrt fram hvaða áhugmál börnin hafa. Einn leikskólakennarinn sagði:

Að þó svo stöðvavinna sé rosa skemmtilegt starf þá er þetta samt í rauninni svo lítil hluti af vinnunni okkar. Við þurfum líka að passa að gleyma ekki öllum hinum tímum, þetta er kannski klukkutími þrisvar sinnum í viku ... hvað erum við að gera allan hinn tímann, mér verður stundum hugsað til þess því við einblinum svona mikið á stöðvavinnu.

6.7 Hvernig meta kennararnir starf sitt?

Það kemur fram í umræðum beggja hópanna að leikskólakennararnir meta starf sitt í undirbúningstímum og á svokölluðum stöðvavinnufundum sem eru einu sinni í viku. Fram kemur að stöðvavinnufundir eru einskonar deildafundir nema að þar er eingöngu rætt um stöðvavinnuna. Á stöðvavinnufundum sitja starfsmenn deildanna saman og skoða stöðvavinnu vikunnar, sett eru saman áform um áframhald og hlutverkum deilt niður á leikskólakennara. Leikskólakennararnir nota þessa fundi til að tala um

stöðvarnar, til að geta bætt við og þróað þær áfram. Það kemur fram að á þessum fundum eru einnig teknar ákvarðanir um hvaða stöðvar verða feldar niður og hvaða nýjar stöðvar verði settar inn í staðinn. Leikskólakennaranir segja að ekki sé eingöngu farið yfir skráningar á þessum fundum, einnig sé rætt saman um hvað starfsfólkið hefur séð og heyrt undanfarna daga. Einn leikskólakennarinn sagði: „Stöðvavinnufundirnir eru mikilvægir, þetta fúnkerar ekki nema að þeir séu til staðar. Það er alltaf mat á því sem var að gerast sem gerir það að verkum að það er hægt að halda áfram og byggja upp, þetta er grundvallaratriði.“

Allir þátttakendur bæði rýnhóparnir og Anna Linda tala um mikilvægi skráninga og hversu nauðsynlegt það sé fyrir allt starfið í leikskólanum að gerðar séu uppeldisfræðilegar skráningar. Skráningarnar geri leikskólakennurunum t.d. kleift að skoða samskipti barnanna í leik og starfi. Einnig telja þátttakendur að skráningarnar ýti undir foreldrasamstarf, því þær geri stafið sýnilegt og gefa foreldrunum tækifæri á að upplifa það sem barnið upplifir í leikskólanum.

Leikskólakennarar í Stekkjarási segjast vera byrjaðir á að fá börnin með í að meta starfið, þeir telja að gott sé að fá börnin með í að skoða og meta skráningarnar. Að þeirra mati öðlist börnin betri sýn á verkefni sín með þessu fyrirkomulagi.

Anna Linda sagði að hún og samstarfsmenn hennar reyni að setjast niður samdægurs til að vinna úr skráningum, ígrunda saman strax. Hún sagði einnig að leikskólakennararnir hittist aðra hverja viku á deildafundi, „þá förum við alltaf til baka, hvað erum við búin að vera að gera og hvað gerðist og hvernig getum við haldið áfram“. Með leikskólakennurunum á þessum fundum eru handleiðari og myndlistakennari, „við erum náttúrulega svo ótrúlega heppnar að vera með bæði handleiðara eða svona pedagogistu og myndlistarkennara til að fara með okkur í og koma okkur áfram, koma með nýjar hugmyndir...“

Anna Linda talar um að í Svíþjóð þar sem hún vinnur séu þrír leikskólar reknir saman, þ.e. með sama leikskólastjórnann. Á öllum starfsdögum eru þessir leikskólar saman og þá er alltaf ein eða tvær deildir af þeim sem að kynna hvað þau hafa verið að gera. Anna Linda segir að hún hafi lært mikið af því:

Maður lærir svo ótrúlega mikið af hvort öðru. Þannig er eiginlega hugmyndafræðin hjá leikskólastjóranum að maður noti sér hugmyndir hvors annars, maður lærir svo mikið af því. Þetta er svo nálægt manni [verkefni sem aðrir hafa verið að gera] maður skilur svo vel það sem verið er að tala um í staðin fyrir þegar maður fer á fyrirlestur hjá manni sem ekki hefur verið að vinna á leikskóla í 20 ár maður nær ekki allaf að tengja hann við sig.

6.8 Hvernig sjá leikskólakennararnir stöðvavinnuna í framtíðinni?

Leikskólakennarar á Marbakka sjá fyrir sér að í framtíðinni þurfi ekki að hafa stöðvavalsfundi. Með stöðvarvalsfundum er átt við að öll börnin á deildinni koma saman, leikskólakennararnir kynna hvaða stöðvar eru í boði og börnin velja sér stöð. Þeir sjá fyrir sér að í staðin fyrir að hafa stöðvarvalsfundi verði það þannig að stöðvarnar verði útbúnar með börnunum, „og svo er t.d. klukkan orðin níu og þá er sagt stöðvavinna og allir fara bara hægt og rólega á stöðvar.“ Þeir tala um að það væri spennandi að láta deildirnar blandast í sameiginlegum rýmum leikskólans í stöðvavinnu. Þannig telja þeir sig nálgast fræðin betur og að yngri börnin læri af þeim eldri.

Hjá hópnum kemur það fram að elsta deild leikskólans sé farin að þróa stöðvavinnuna:

Þannig að stundum er ein stöð í boði þegar frjálsi leikurinn er í gangi og þeir sem vilja geta verið með í henni. Það er gert þegar mikill áhugi er á einhverju, þá biðum við ekki eftir að það sé stöðvavinna heldur grípum við tækifærið strax ... Þá fær það sem sterkur áhugi er fyrir að vera í gangi allan daginn, ekki bara í þessari markvissu stöðvavinnu ... og þá erum við kominn út í þessa sko fljótandi námskrá og við erum greinilega að ná árangri með hana.

Leikskólakennarar í Stekkjarás telja að þegar fólk er komið vel á veg í stöðvavinnu þá þurfi það alltaf að vera vakandi fyrir því að finna efnivið við hæfi. Í umræðum þeirra er talað um Remidu, það er birgðastöð þar sem safnað er saman ýmsum endurnýtanlegum efnivið, sem náttúrulega og eðlilega þróun. Leikskólakennararnir nefna að þeir séu komnir vel á veg með þróun birgðastöðvarinnar og telja hana vera góða viðbót við stöðvavinnuna. „Þannig að það er ákveðin þróun í gangi sem kemur ósjálfrátt með stöðvavinnunni“.

Anna Linda sér stöðvavinnu í framtíðinni sem starfsaðferð sem allir geti nýtt sama hvort verið er að vinna í anda Reggio eða ekki. Henni finnst stöðvavinnan orðin svo sjálfsgöð, hún segir: „Af því að maður er búin að huga umhverfið svo vel, maður er virkilega búin að hugsa hvað vill ég fá fram í umhverfinu“.

6.9 Samantekt

Í umræðum við alla þátttakendur kemur fram að stöðvavinna er starfsaðferð til að nálgast áhugasvið barna. Leikskólakennararnir nota uppeldisfræðilega skráningu til að komast að því hvar áhugi barnanna liggur. Þeir telja nauðsynlegt að skapað sé rými og tími fyrir þá til að hittist og ræða saman um skráningar og ígrundi þær. Leikskólakennararnir telja að þróun starfsins byggist á skráningunum.

Í niðurstöðunum kom einnig fram mikilvægi þess að huga vel að umhverfinu og hafa falleg og skipulögð rými í rýminu. Það kom einnig fram að það skiptir máli að leikskólakennararnir séu sveigjanlegir og tilbúnir til að grípa hugmyndir barna á lofti og að þeir hafi áhuga á verkefninu.

7 Ígrundun og umræður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður ritgerðarinnar í heild og hversu vel hefur náðst að svara rannsóknarspurningunum: „Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“

Leikskólakennararnir eru samhljóma um að stöðvavinna sé starfsaðferð þar sem börn vinna á sínum forsendum út frá sínum áhuga. Í stöðvavinnu þarf að skapa umhverfi þar sem hægt er að hafa í boði mismunandi efnivið til að vinna með, rannsaka og finna úrlausnir. Mismunandi leiðir eru farnar í framkvæmd stöðvavinnu, til dæmis er hægt að hafa stöðvar þar sem börn geta unnið sjálf og svo krefjandi stöðvar þar sem leikskólakennarinn styður við börnin og leiðir þau áfram með opnum spurningum. Í viðtölunum kemur einnig fram að hægt er að velja börn í hópa, í svokallaða grunnhópa í ákveðnum verkefnum. Báðir rýnihóparnir tala um að vinna út frá áhugasviði barna og að hafa stöðvar í samræmi við það.

Leikskólakennarari líta á stöðvavinnu sem „verkfæri“ eða vinnuaðferð sem getur tekið á og þjálfað marga þroskaþætti í einu, það á meðal eru þeir námsþættir sem *Aðalnámskrá leikskóla* byggir á og leikskólarnir vinna eftir. Þar er sagt að námsþættir leikskóla séu: „Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Náms sviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.“¹⁸⁸

Samkvæmt því sem fram kom í viðtölum við þátttakendur gerir stöðvavinna leikskólakennurunum kleift að sjá börnum fyrir tækifærum til að prófa fjölbreyttan efnivið, styðja þau og hjálpa til að læra og þroskast á eigin forsendum. Með eigin reynslu í samskiptum við aðra þroskaðri einstaklinga, bæði eldri börn og fullorðna. Eins og Vygotsky benti á, eru leikskólakennarar ekki hlutlausir áhorfendur að námi barna, heldur eiga þeir að vera virkir þátttakendur og ræða við börn um þau verkefni sem þau eru að gera. Vygotsky taldi að samspil fullorðinna og eldri barna við nám yngri barna

188 *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:19

væri mikilvægt þar sem að vitrænn þroski barna örvast í samskiptum við þroskaðri einstaklinga.¹⁸⁹

Í stöðvavinnu þurfa leikskólakennarar að vera vakandi fyrir því að fylgjast með hvar áhugi barna liggur. Í viðtölunum kom fram að til að finna út hvar áhugi barna er þarf að nota skráningar. Það er í samræmi við það sem kemur fram hjá Guðrúnu Öldu að skráningar sé góð leið til þess að kynnast áhugamálum og skoðunum barna og sé góð leið til að gera innra starf leikskóla sýnilegt.¹⁹⁰ Eins og komið hefur fram hjá Rinaldi, Vecchi og Wallin eru skráningar leikskólakennarans stór hluti af því að starfa í anda Reggio.¹⁹¹ Lewin-Benham bendir á að með því að setjast niður með börnunum, minna leikskólakennarar börnin á hvað þau hafi sagt áður, rifja upp með þeim fyrri spurningar þeirra, tillögur og viðbrögð.¹⁹²

Í umræðunum kom fram það sama og Wallin bendir á, en það er að aðferðin, það er hvernig er skráð, er ekki aðalmálið heldur það sem á að skoða og að geta spurt sig, hvernig lærir þetta barn? Hvað lærði það? Að muna að það hvernig eitt barn lærði þarf ekki að þýða að annað barn læri það sama þó að þau geri sama verkið.¹⁹³ Allir þátttakendurnir eru sammála um að skráningar séu starfsaðferð stöðvavinnunnar því að með henni er hægt að fylgjast með hvað börn gera og hvernig þau gera það. Leikskólakennarar geti séð hvar börnin leika sér, með hvað og hvernig. Þannig telja leikskólakennarar að hægt sé að nota skráningarnar til að þróa starfið útfrá áhuga barnanna.

Í viðtölunum kom fram að ígrundun skráninga sé nauðsynleg, til dæmis fyrir stöðvavinnufundi. Það samræmist vel því sem fræðimenn hafa haldið fram, um að ígrundandi vinnubrögð, þar sem tveir eða fleiri leikskólakennarar ígrunda saman, gera kröfu á gagnrýna hugsun og til þess að leikskólakennarar séu meðvitaðir um starfið.¹⁹⁴

189 Frost, Wortham og Reifel. 2005:38-39

190 Guðrún Alda Harðardóttir. 2001: 35/58

191 Rinaldi. 2001:78-80; Vecchi. 1997:6; Wallin. 2003:24-25

192 Lewin-Benham. 2006:56

193 Wallin. 2003:83

194 Mylesand. 2007:93; Åberg og Taguchi. 2005:30-31; Kennedy. 1999:125

Leikskólakennarar geta einnig notað skráningu til að skoða sjálfa sig í starfi og þannig bætt sig, hún er tæki sem leikskólakennarar nota til að þróa starfið áfram.

Þegar unnið er í stöðvavinnu þarf að vera vakandi og geta gripið þau tækifæri sem gefast til náms, um það eru allir þátttakendur sammála. Þannig er t.d. mikilvægt að vinna samkvæmt fljótandi námskrá, en það er sú námskrá kölluð sem unnið er eftir í Reggio. Þó hugtakið fljótandi námskrá hafi ekki komið beint fram í umræðum viðmælenda okkar, kom fram að ekki eru sett niður fyrirfram ákveðin markmið til að vinna eftir, heldur eru settar fram tilgátur um hvað geti gerst, tilgátur sem eru byggðar á þekkingu leikskólakennaranna á börnunum. Einnig að gengið er út frá fyrri reynslu, en þetta er það sem Malaguzzi, Rinaldi og fleiri telja að sé aðal uppbyggingarefni leikskólakennaranna í starfinu með börnunum.¹⁹⁵ Einnig að sjálfsstæði barna, virkni og sköpun sé elft. Þetta eru þeir þættir sem lögð er áhersla á í stöðvavinnu.

Í umræðum leikskólakennaranna kom fram að kaffítímar starfsfólks geta orðið til þess að hefta framgang stöðvavinnunnar. En bentu þó á að starfsfólkið hefur fundið ýmsar leiðir til þess að gæta þess að það gerist ekki. Wallin bendir m.a. á að þegar leikskólakennarar hætta að hafa skipulagða kaffítíma geti börnin notið óskiptrar athygli þeirra.¹⁹⁶

Þátttakendur telja að umhverfið og skipulag sé stór þáttur í stöðvavinnu. Í viðtölunum kom fram að það að hafa falleg, skipulögð og skýr rými í rýminu skipti máli þegar vinna á markvissa stöðvavinnu. Nielsen og Kvale telja að skipulag rýmisins eigi m.a. að endurspeglar tilgang þess með einu augnatilliti, sem dæmi á listasvæðið ávallt að vera tilbúið þannig börnin geti gengið að efniviðnum vísunum á ákveðnum stöðum.¹⁹⁷ Anna Linda benti á mikilvægi þess að umhverfið sé aðlaðandi bæði fyrir börn og fullorðna. Hún telur nauðsynlegt að rýmið sé hreint, fallett og heillandi. Einnig að umhverfið eigi að vera þannig skipulagt að börnin sjá og vita til hvers er ætlast til af þeim á hverju svæði. Þetta er í samræmi við það sem haldið hefur verið fram um þátt umhverfsins sem þriðja kennarans. Einnig að það verði að taka mið af þeim barnahóp sem þar er hverju

195 Malaguzzi.1998:87-88; Rinaldi. 1995:101-102

196 Wallin. 2003:32-33

197 Nielsen og Kvale. 2006:129

sinni.¹⁹⁸ Gandini telur m.a. að rýmið endurspegli hugmyndir, viðhorf og gildismat þeirra sem þar eru.¹⁹⁹ Dewey og Gardner leggja báðir áherslu á að leikskólakennarar skapi aðstæður í umhverfinu þar sem allir hæfileikar barnanna fái að njóta sín jafnt.²⁰⁰ Í leikskóla þar sem gert er ráð fyrir að að allir finni eitthvað við sitt hæfi eru skapaðar aðstæður þar sem allir geta verið niðursokknir í verkefni. Í þannig umhverfi má segja að aginn felist í aðstæðunum og þeim verkefnum sem er verið að vinna að.²⁰¹ Bronfenbrenner bendir á að umhverfið eigi stóran þátt í mótun barnsins,²⁰² því þurfi að huga vel að þeim hlutum sem þar eru og tilgangi þeirra, en Cadwell telur að hver hlutur í rýminu hafa ákveðin tilgang fyrir þroska barnsins.²⁰³

Samkvæmt þátttakendum þarf að skapa þannig aðstæður í stöðvavinnu að efniviður sé aðgengilegur og höfði til áhuga barnanna þannig að hann haldi athygli þeirra og einbeitingu. Það sé í verkahring leikskólakennarans að bjóða börnum að taka þátt í að skapa umhverfi sem þau hafa áhuga á að leika og starfa í. Þátttakendur telja eins og Thorbergson og Kennedy að leikskóli sem vinnur í stöðvavinnu noti umhverfið sem námsleið fyrir börnin bæði úti og inni umhverfið. Thorbergson og Kennedy minna á að útisvæðið er stór hluti af umhverfi leikskólans.²⁰⁴

Í viðtölunum kom fram að börn læra að vinna saman í stöðvavinnu, einnig að kostir stöðvavinnu sé að skapa sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Það samræmist því að leikskólar sem vinna samkvæmt lýðræðislegum vinnubrögð leggja áherslu á sjálfstjórn, sjálfstæði og vináttu. Því hefur verið haldið fram að í slíkum leikskólum, hafi börn mörg tækifæri til að taka ákvarðanir, til að kanna og til að framkvæma.²⁰⁵ Bæði Krisín Dýrfjörð og Lindahl telja að í leikskóla eigi börn að fá tækifæri til að taka þátt í að móta starfið og vera virkir þátttakendur í daglegum athöfnum.²⁰⁶ Við teljum að

198 Branzi, Rinaldi og Vecci o.fl. 2001:38

199 Gandini. 1997:177

200 Dewey. 2000:68; Gardner. 1995:204-205

201 Thorbergson. 2007: 73; Dewey. 2000:66

202 Anning og Edwards. 2006:3-6

203 Cadwell. 1997:5

204 Thorbergson. 2007:117; Kennedy.1999:134

205 Kristín Dýrfjörð, Fumat, Kuscer og Andersen. 2004:9

206 Kristín Dýrfjörð. 2006:2; Lindahl. 2005:40

leikskólakennararnir í þessari rannsókn líti líkt og Moss svo á að barnið sé sérfræðingur í sínu eigin lífi.²⁰⁷

Þó svo hugtakið lýðræði hafi aldrei verið nefnt sem slíkt í viðtölunum má samt lesa út úr niðurstöðunum að lýðræði skipar stóran sess í stöðvavinnu. Sem dæmi má nefna þegar þátttakendur í Stekkjarási töluð um að áður en þau hafi byrjað að vinna samkvæmt stöðvavinnu, hafi leikskólinn verið eins og átta litlir leikskólar, í staðinn fyrir að vera átta litlar deildir innan sama leikskóla. En í dag séu allar deildarnar að vinna með svipuð markmið. Þessa samvinnu er ekki eingöngu að finna meðal leikskólakennaranna, því þeir telja að samvinna barnanna hafi einnig aukist, samkvæmt leikskólakennurunum er börnunum farið að finnast samvinnan sjálfsögð. Þessa samvinnuhæfileika telja leikskólakennararnir að stöðvavinnan hafi fært þeim. Gardner og Vygotsky benda á hve mikilvæg samvinna bæði fullorðinna og barna er og með henni fáist dýpri og betri þekking og skilningur á viðfangsefnum heldur en ella fengist.²⁰⁸

7.1.1 „Hvað er stöðvavinna í leikskóla?“ og „hvað þarf að hafa í huga við framkvæmd hennar þegar unnið er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia?“

Út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar drögum við þær ályktanir að stöðvavinna er starfsaðferð sem hentar vel til að nálgast áhugasvið barna. Einnig teljum við að það hafi komið ágætlega fram hvað mikilvægt er að hafa í huga við stöðvavinnu. Sem dæmi er ekki hægt að vinna í stöðvavinnu án þess að nota uppeldisfræðilega skráningu. Og ekki síst að nauðsynlegt er að skapa tíma fyrir leikskólakennara til að hittist og ræða saman um skráningar og ígrunda þær, að þróun starfsins byggist á skráningunum og ígrundunum leikskólakennaranna. Þá er ekki síður mikilvægt að huga vel að umhverfinu og hafa falleg og skipulögð rými í rýminu og að leikskólakennarar þurfi að vera sveigjanlegir og tilbúnir til að grípa hugmyndir barna á lofti og að þeir hafi áhuga á starfinu.

207 Moss. 2007:13/17

208 Gardner. 1995:198; Vygotsky. 1978:86-87

8 Lokaorð

Með þessari ritgerð teljum við okkur hafa öðlast dýpri skilning á hugtakinu stöðvavinna og hvað það er sem liggur á bak við það hugtak. Við höfum komist að því að hlutverk leikskólakennara í vinnu með börnum er mikilvægt og þeir þurfa að vera opnir fyrir þeim námstækifærum sem bjóðast. Það þýðir að þeir geta ekki verið hlutlausir heldur þurfa þeir ávalt að vera reiðubúnir að leiða börn áfram í þekkingarleit sinni.

Okkur fannst áhugavert að heyra um mismunandi útfærslur á stöðvavinnunni eins og til dæmis það að hægt væri að velja nokkur börn saman í grunnhóp. Með þessum hóp eru unnin markviss verkefni út frá þeirra áhuga og gerðar fleiri og dýpri skráningar heldur en annars er gert. Eftir að hafa rætt við viðmælendur okkar teljum við okkur skilja betur allar þær skráningarbækur sem við höfum lesið frá Reggio.

Okkar sýn til framtíðar er sú að sem flestir leikskólakennarar kynni sér áhugasvið barna og þrói starfið í samræmi við það. Að leikskólarnir verði skipulagðir þannig að útbúin séu falleg og heillandi svæði með mismunandi áherslum til samræmis við áhuga barna, það er að útbúin séu rými í rýminu. Við teljum að með því verði leikskóladvölin áhugaverðari fyrir börnin og þannig verði starfið allt mun einfaldara. Það er að börnin verði niðursokkin í verkefni sem þau hafa áhuga á. Á meðan börnin eru niðursokkin í verkefni þá gefst leikskólakennurum nægur tími til að gera skráningar sem þeir geta notað til þess að skipuleggja starfið. Þannig viljum við sjá leikskólastarf.

Heimildir

- Åberg, A. og H. L. Taguchi. 2005. *Lyssnandets pedagogik: Etik och demokrati i pedagogiskt arbete*. Stockholm, Liber AB
- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aldis Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. 2005. *Almenn sálfræði: Hugur- heili- hátterni*. Reykjavík, Mál og menning.
- Andersson, Y. 2004. Möblera för lek. *Förskolans pedagogiska rum*, bls. 54-63. Stockholm, Lärarförbundets förlag: Tidningen Förskolan.
- Anning, A. og A. Edwards. 2006. *Promoting Children's Learning from Birth to Five: Developing the new early years professional*. 2. útgáfa. England, Open University Press.
- Armstrong, T. 2000. *Fjölgreindir í skólastofunni*. 2. útgáfa. (Þýðandi Erla Kristjánsdóttir) Reykjavík, JPV útgáfa.
- Bee, H. og D. Boyd. 2004. *The Developing Child*. 10.útgáfa. Boston, Pearson.
- Berglind Káradóttir, Jenný Borgedóttir, Lilja Kristjánsdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir. *Hvað? Hvernig? Hversvegna? Þróunarverkefni leikskólanum Marbakka Kópavogi árin 1994-1995*. Kópavogur.
- Berk, L. E. og A. Winsler. 1995. *Scaffolding Children's Learning: Vygotsky and Early Childhood Education*. Washington, DC, NAEYC.
- Branzi, A., C. Rinaldi, V. Vecchi o.fl. 2001. *Children, spaces, relations-metaproject for an environment for young children*. (ritstj. Ceppi, G. og Zini, M) Italy, Grafiche Rebecchi Ceccarelli.
- Cadwell, L. B. 1997. *Bringing Reggio Emilia home: AN INNOVATIVE APPROACH TO EARLY CHILDHOOD EDUCATION*. New York, Teachers College Press.
- Clark, A. og P. Moss. 2001. *Listening to Young Children: The Mosaic approach*. London, National Children's Bureau: making a difference.
- Cuffaro, H. 1995. *Experimenting with the world: John Dewey and the early childhood classroom*. New York, Teacher Collage Press.
- Dahlberg, G., P. Moss og A. Pence. 1999. *Från kvalitet till meningsskapande: POSTMODERNA PERSPEKTIV-EXAMPLET FÖRSKOLAN*. (sænsk útgáfa 2001) Stockholm: HLS Förlag.

- Dewey, J. 2000. *Reynsla og menntun*. (Þýðandi Gunnar Jóhannsson) Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Edwards, C. 1998. Partner, Nurturer, and Guide: The Role of the Teacher. *The hundred Languages of Children*, bls. 179-198. Önnur útgáfa. (Ritstj. Edwards, C., L. Gandini og G. Forman.) London, Abrex.
- Forman, G. og B. Fyfe. 1998. Negotiated Learning Through Design, Documentation, and Discourse. *The hundred Languages of Children*, bls. 239-258. 2. útgáfa. (Ritstj. C. Edwards, L. Gandini og G. Forman.) London, Abrex.
- Foucault, M. 1969. *Archaeology of Knowledge*. London og New York, Routledge.
- Frost, J. S., C. Wortham og S. Reifel. 2005. *Play and Child Development*. 2. útgáfa. New Jersey, Pearson Merrill Prentice Hall.
- Gandini, L. 1998. Educational and Caring Spaces. *The Hundred Languages of Children*, bls. 161-177. 2. útgáfa. (Ritstj. C., Edwards, L. Gandini og G. Forman) London, Abrex.
- Gandini, L. og J. Goldhaber. 2001. Two reflections About Documentation. (Ritstj. Gandini, L. og C.P. Edwards.) *Bambini: The Italian approach to infant/toddler care*, bls. 124-144. New York, Teachers Collage Press.
- Gardner, H. 1995. *The Unschooled mind: How Children Think & How Schools Should Teach*. New York, BASIC BOOKS.
- Goleman, D. 2000. *Tilfinningagreind*. (Þýðandi Áslaug Ragnarsdóttir) Reykjavík, Iðunn.
- Gossen, D. 2002. *Uppeldi til ábyrgðar*. (Þýðandi Magni Hjálmarsson) Álftanes, Útgáfufélagið Sunnhvöll.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Textasmiðjan, Akureyri.
- Göthson, H. 2006. När alla idéer träffas blir det en jätteidé. *Pedagogiska Magasinet* 3:28-33. Sótt þann 06.03.08. á netslóðina: <http://www.pedagogiskamagasinet.net/>
- Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. 2005. *Fagleg kennsla í fyrirrími*. Reykjavík, Höfundar.
- Hall, I. og D. Hall. 2004. *Evaluation and social research: introducing small-scale practice*. New York, PALGRAVE MACMILLAN.
- Heimasíða Unicef á Íslandi. *Réttur barna og þátttaka*. Sótt þann 15.03.08 á netslóðina: <http://www.unicef.is/thattaka>
- Ingvar Sigurgeirsson. 1996. *Listin að spyrja: Handbók fyrir kennara*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Jones, E. og J. Nimmo. 1994a. *EMERGENT CURRICULUM*. (Ritsj. Copple, C.) Washington DC, NAEYC.
- Jones, E. og J. Nimmo. 1994b. Foreword. *EMERGENT CURRICULUM*. (Ritsj. Copple, C.) Washington DC, NAEYC.
- Jonstojj, T. og Á. Tolgraven. 2001. *Hundra sätt att tänks: om Reggio Emilias pedagogiska filosofi*. Stockholm, UR.
- Jón Torfi Jónasson. 2006. *Frá gæslu til skóla. Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun um menntakerfi, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Karlson, R. M. 2004. Tankar Startas överallt. *Förskolans pedagogiska rum*, bls. 89-102. Stockholm, Lärarförbundets förlag : Tidningen Förskolan.
- Kärnebro, H. 2004. Rum for alla sinnen. *Förskolans pedagogiska rum*, bls. 104-123. Stockholm, Lärarförbundets förlag : Tidningen Förskolan.
- Kennedy, B. 1999. *Glasfåglar i molnen*. Stokkhólmur, HLS Förlag.
- Kennedy, B. 2004. Förord. *Förskolans pedagogiska rum*, bls. 7-9. Stockholm, Lärarförbundets förlag : Tidningen Förskolan.
- Knight, C. 2001. Quality and the role of the pedagogista. *EXPERIENCING Reggio Emilia: implications for pre-school provision*, bls. 30-37. (Ritstj. Abbott, L og C. Nutbrown) England, Open University Press.
- Kristín Dýrfjörð, Y. Fumat, M. P. Kuscer og R. Andersen. 2004. Professional Guidance: Citizenship Education and Identity in courses for those who will work with Pre-school children. *CiCe Professional Guidelines*. Sótt þann 03.03.08 á netslóðina: <http://cice.londonmet.ac.uk/pdf/ProfBook1.pdf>
- Kristín Dýrfjörð. 2006. Lýðræði í leikskólum. *Netla*. Sótt þann 23.03.08. á netslóðina: <http://netla.khi.is/greinar/2006/009/prent/index.htm>
- Kristín Karlsdóttir og Kristín H. Ólafsdóttir. 2005-2006. *Rannsókn um útbreiðslu starfs í anda Reggio Emilia á Íslandi*. [óbirt skýrsla]
- Kristjana Emilía Guðmundsdóttir. 1998. *Ljóðárur*. Akureyri, Ásútgáfan.
- Krueger, R. A. 1994. Focus Groups: A Practical Guide for Applied Research. *Eigindlegar rannsóknaraðferðir 1*, bls. 181-199. (Isefni haustið 2006 meistara- og doktorsnám) Rannveig Traustadóttir o.fl. tóku saman. Háskóli Íslands, háskólafjölritun, Félagsvísindadeild.
- Leikskólinn Marbakki. 2006a. *Náms og kynnisferð til Stokkhólms apríl 2006 starfsfólk leikskólans Marbakka*. [óbirt skýrsla]

- Leikskólinn Marbakki. 2008b. Heimasíða, Ós. Sótt þann 15.03.08 á netslóðina:
http://marbakki.kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=31&Itemid=26
- Leikskólinn Marbakki. 2008c. Heimasíða, Um skólann. Sótt þann 07.04.08 á netslóðina:
http://marbakki.kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=16&Itemid=30
- Leikskólinn Stekkjarás. 2008. Heimasíða, Saga skólans, Sótt þann 07.04.08. á netslóðina:
<http://www.leikskolinn.is/stekkjaras/>
- Lewin-Benham, A. 2006. *Possible Schools: The Reggio Approach to Urban Education*. New York og London, Teachers College, Columbia University.
- Lindahl, M. 2005. CHILDREN'S RIGHT TO DEMOCRATIC UPBRINGINGS. *International Journal of Early Childhood*. Academic Research Library. Sótt þann 04.04.08 á netslóðina:
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=0&did=1275645831&SrchMode=1&sid=2&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1208012279&clientId=58032>
- Lundahl, G. 2008. Arkitekturen som MEDspelare. *Pedagogiska Magasinet* 1:46-51. Sótt þann 06.03.08. á netslóðina: <http://www.pedagogiskamagasinet.net/>
- Lög um leikskóla. Nr.78/1994. Sótt þann 05.03.08 á slóðina:
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1994078.html>
- Mac Naughton, G. og G. Williams. 2004. *Teaching Young Children: Choices in Theory and Practice*. England, Open University Press.
- Malaguzzi, L. 1996. *The hundred languages of Children: Catalogue of the Echibit*. Reggio Emilia Italy, Reggio Children s.r.l.
- Malaguzzi, L. 1998. History, Ideas, and Basic Philosophy. Viðtal við Malaguzzi. *The Hundred Languages of Children*, bls. 49-97. 2. útgáfa. (Ritstj. C., Edwards, L. Gandini og G. Forman) London, Abrex.
- Maxwell, J. A. 2005. *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. 2. útgáfa. London, SAGE Publications.
- McGhee, K. Danko og R. Slutsky. 2003. *Preparing early childhood teachers to use art in the classroom: Inspirations from Reggio Emilia*. Sótt þann 30.02.08 á netslóðina:
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=0&did=374234011&SrchMode=1&sid=1&Fmt=4&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1207734358&clientId=58032>
- Moss, P. 2007. Bringing politics into the nursery: Early childhood education as a democratic practice. *WORKING PAPERS IN Early Childhood Development*. Sótt þann 12.03.08. á netslóðina:
http://www.bernardvanleer.org/publication_store/publication_store_publications/bringing_politics_into_the_nursery_early_childhood_education_as_a_democratic_practice/file
- Mylesand, M. 2007. *Bygg & konstruktion i förskolan*. Malmö, Lärarförbundets Förlag.

- Naughton, G. M. 2005. *Doing Foucault in Early Childhood Studies: Applying poststructural ideas*. London og New York, Routledge: Taylor & Francis Group.
- Nielsen, K. og S. Kvale. 2006. The Workplace: a landscape of Learning. *Learning, working and living : mapping the terrain of working life learning*, bls. 119-134. (Ritstj. E. Antonacopoulou o.fl.) England, Palgrave Macmillan.
- Nilsen, A. B., Ö. Vestre og T. A. Askim. 1996. *Barnas uterom: Lek og samvær*. Oslo, Universitetsforlaget.
- Nordin-Hultman, E. 2005. *Pedagogiska miljöer og barns subjektsskapande*. Stockholm, Liber.
- Penn, H. 2005. *Understanding Early Childhood, Issues and controversies*. Maidenhead, Berkshire, Open University Press.
- Renström, B. og M. Lundgren. 2005. Släpp elevenna loss. Klivet in i skolan. *Modern Barndom*, bls 7-10. Reggio Emilia Institutet.
- Rinaldi, C. 1995. The Emergent Curriculum and Social Constructivism. *The Hundred Languages of Children*. (Ritstj. Edwards, C., L. Gandini og G. Forman.) The Reggio Emilia Approach to Early Childhood Education. Norwood, New Jersey, Ablex.
- Rinaldi, C. 1999. Relationerna i rummet: en del av miljön. Miljö och material. *Modern Barndom*, bls. 10-11. Reggio Emilia Institutet.
- Rinaldi, C. 2001. Documentation and Assessment: What Is the Relationship? *Making Learning Visible: Childrens as Individual and Group Learners*, bls.78-89. (Ritstj. Giudici, C., C. Rinaldi og M. Krechevsky) Reggio Emilia, Reggio Children.
- Rinaldi, C. 2006. *In Dialogue with Reggio Emilia. Listening, reasearching and learning*. New York, Routledge.
- Robinson, K. H. og C. J. Díaz. 2006. *Diversity and Difference: in Early Childhood Education*. England, Open University Press.
- Rønning, G. 1996. *Rammeplan, for barnehagen, hva så?* Kristiansand, HøyskoleForlaget AS.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992*. Sótt þann 11.mars 2008 afnetslóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>
- Schirmacher, R. 1998. *Art and Creative Development for Young Children*. 3. útgáfa. University of California, Santa Cruz Education Extension.
- Sesselja Hauksdóttir. 2001. „É sjáll!“ *Sjálfræði barna í leikskóla*. (Glósur úr fyrirlestri 29.01.08.)
- Sigurlína Davíðsdóttir. 2008. *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík, Hólar.

- Sóley S. Bender. 2003. Rýnihópar. *Eigindlegar rannsóknaraðferðir 1*, bls. 165-172. (lesefni haustið 2006 meistara- og doktorsnám) Rannveig Traustadóttir o.fl. tóku saman. Háskóli Íslands, háskólafjölritun, Félagsvísindadeild.
- Taguchi, H. L. 1999. Vi skapar rummet och rummet skapar oss. Miljö och material. *Modern barndom*, bls. 8-9. Reggio Emilia Institutet.
- Thorbergesen, E. 2007. *Barnehagens Rom-nye muligheter*. Oslo, Pedagogisk Forum
- Valborg Sigurðardóttir. 1991. *Leikur og leikuppeldi*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Vecchi V.1997. Vi måste simma I samma hav. Om kommunikation, om at lyssna och förundras. *Modern Barndom*, bls. 5-7. Reggio Emilia Institutet.
- Vygotsky. L. S. 1978. *Mind in society: the development of higher psychological processes*. (Ritsj. Cole M., V. John-Steiner, S. Scribner og E. Souberman.) England, Harvard University Press.
- Wallin, K. 2003. *Pedagogiska kullerbyttor. En bok om svenska barn och inspirationen från Reggio Emilia*. Stokkhólmur, HLS Förlag.
- Wurm, J. P. 2005. *Working in the Reggio Way: A Begginer's Guide for American Teachers*. St. Paul Minnesota, Redleaf Press.

Munnlegar heimildir

Anna Linda Nesheim. Leikskólakennari í Stokkhólmi. Viðtal tekið 05.04.08.

Leikskólakennarar í leikskólanum Marbakka. Viðtal tekið 20.02.08.

Leikskólakennarar í leikskólanum Stekkjarás. Viðtal tekið 21.02.08.